



Halda áfram í dag Birgitta Jónsdóttir Pírati, Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, og Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, ganga út af óformlegum fundi flokkanna þriggja, auk Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, um þann möguleika að hefja stjórnarmyndunarviðræður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Baldur Björnsson skrifar um auglýsingar fyrir jólin. **13**

SPORT Næsta markmið Ólafi er að vinna mót á LPG. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● BILAR

*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gjöf sem lifnar við!



MIDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Pottaskefill

Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNNA OG UNGMENNA

Sölutímabil 2. - 16. desember

STYRKARFÉLAG LAMADRA OG FATLAÐRA

Fjórir dómamarar töpuðu á Glitni

Fjórir dómamarar við Hæstarétt Íslands töpuðu umtalsverðum fjármunum við fall Glitnis í hruninu. Sömu dómamarar hafa dæmt í hrunmálum, meðal annars í málum sem tengjast Glitni og falli hans beint.

DÓMSMÁL Á árunum 2007 til 2008 áttu fjórir hæstaréttardómamarar, þau Eiríkur Tómasson, Ingveldur Einarsson, Árni Kolbeinsson (sem hefur látið af störfum) og Markús Sigurbjörnsson samanlagt 487 þúsund hluti í Glitni. Hæsta virði þessara hluta var í júlí 2007 um 15 milljónir króna.


Þetta kemur fram í gögnum frá slitastjórn Glitnis sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Hlutabréf dómamara í Glitni urðu öll verðlaus þegar bankinn féll í hruninu 2008 og fjárhagslegt tjón þeirra því töluvert.

Tjón Markúsar Sigurbjörnssonar af hruni Glitnis var þó minna en annarra dómamara. Hann hafði selt alla hluti sína í bankanum í janúar og febrúar 2007 fyrir um 44,6 milljónir króna.

Viðskiptum Markúsar við Glitni lauk þó ekki þar. Markús tók söluhagnaðinn og nokkurt fé til viðbótar og fór með í eignastýringu hjá Glitni, alls um 60 milljónir króna.

Samkvæmt eignastýringarsamningi sem Markús gerði við Glitni skyldu 50 prósent eigna Markúsar fara í skuldabréf, 25 prósent í innlend hlutabréf og 25 prósent í erlend hlutabréf.



Þetta ljósrit af ókuskirteini Markúsar er að finna í gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Í þeim eru útarlegar upplýsingar um fjárhagsleg umsvif Markúsar á árunum fyrir hrun.

Markús var ekki eini hæstaréttardómamari í eignastýringu hjá Glitni. Ingveldur Einarsson tók 25 prósent í peningamarkaðssjóðum Glitnis fram á síðasta dag. Um 6,3 milljónir samtals.

Eignir dómamara í Glitni 2007/2008

DÓMARI	VIRÐI Í JÚLÍ 2007
Eiríkur Tómasson	8.872.132 kr.
Ingveldur Einarsson	3.329.877 kr.
Árni Kolbeinsson	2.415.422 kr.
Markús Sigurbjörnsson	427.409 kr.

Bæði töpuðu þau Markús og Ingveldur á gengislækkunum peningamarkaðssjóða síðustu vikurnar fyrir hrun.

Gögnin sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýna að tap Markúsar á peningamarkaðssjóðum á borð við Sjóð 9 og Sjóð 10 hefði orðið enn meira ef Markús hefði ekki tekið margar milljónir út af reikningum sínum í Glitni örfáum dögum fyrir hrun. Hann tók út fjórar milljónir þann 25. september, fjórum dögum áður en Glitni var þjónnýttur og aðrar ellefu milljónir 1. október 2008.

Þrátt fyrir þessa miklu fjárhagslegu hagsmuni hafa allir þessir dómamarar

setið og dæmt í málum sem varða annaðhvort hagsmuni Glitnis beint, eða óbeint. Bæði fyrir og eftir hrun.

Sem dæmi um það má nefna að Markús Sigurbjörnsson og Árni Kolbeinsson dæmdu í þremur málum sem vörðuðu Glitni á árinu 2006 á meðan þeir voru bæðir hluthafar í bankanum og áttu þar af leiðandi hagsmuna að gæta. Í öllum þremur málum var Glitni krafinn um háar upphæðir í skaðabætur en í öllum þremur tilvikum var dæmt Glitni í vil.

Eftir hrun hafa svo komið á borð dómamara allmörg mál ákærvaldsins gegn ýmsum starfsmönnum bankanna. Þrátt fyrir að hafa tapað umtalsverðum fjármunum á hlutabréfaeignum sínum í Glitni og tapað svo fé á fjárfestingum í íslensku fjármálakerfi í gegnum peningamarkaðssjóði Glitnis hafa dómamarar ekki sagt sig frá þeim málum vegna vanhæfis.

Athygli vekur að forseti Hæstaréttar, Markús Sigurbjörnsson, taldi sig ekki þurfa að lýsa yfir vanhæfi í BK44 málinu svokallaða. Markús dæmdi þar Jóhannes Baldursson og Birki Kristinnsson í þriggja og fjögurra ára fangelsi. Bæðir voru þeir starfsmenn deildarinnar sem hélt utan um tugmilljóna króna eignir Markúsar hjá Glitni. andri@frettabladid.is

Glaesilegar jólagjafir

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

michelsen.is

Veður

Suðaustan strekkingur undir Eyjafjöllum og með suðvesturströndinni og fer að rigna síðdegis um landið sunnanvert, en mun hægari og bjartviðri norðan til. **SJÁ SÍÐU 26**



Þorfinnstjörn stendur vart undir nafni þessa dagana – hún er manngerð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tappinn settur aftur í Tjörnina í næstu viku

FRAMKVÆMDIR Glöggir vegfar- endur við Reykjavíkurtjörn hafa án efa tekið eftir því að yfirborð Tjarnarinnar hefur verið sýnilega lægra en menn eiga að venjast síðustu daga, og sérstaklega hefur þetta þótt athyglisvert í því ljósi að það hefur rígt nánast linnulaust á suðvesturhorni landsins frá því í september.

Allt á þetta sér skýringar en verið er að gera við hlaðinn kant við Tjarnargötu og því reyndist nauðsynlegt að lækka yfirborð Tjarnarinnar tímabundið á meðan.

Byrjað var að hleypa úr Tjörninni fyrir helgi og gert er ráð fyrir að endurhleðslu ljúki í næstu viku, en kaflinn sem gera á við er 35 metra langur við steinbryggjuna

sem gengur út í vatnið frá Tjarnargötunni og margir þekkjá.

„Þá setjum við tappann í aftur. Við biðjum svani og endur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessum framkvæmdum hefur stafað,“ segir í stuttri færslu á fésbókarsíðu Reykjavíkurborgar.

Þó yfirborð Tjarnarinnar sjálfar hafi sýnilega lækkað eru áhrif þessa greinilegust við suðurenda hennar eða í svokallaðri Þorfinnstjörn – en hólminn er þar á þurru. Nafngiftin á víst rætur að rekja til þess að stytta af Þorfinni karlsefni stóð í hólmanum um skeið.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg var tækifærið notað í veðurblíðunni til að ráðast í verkið. – shá

Líst vel á kajaka á Svarfaðardalsá

FERÐAÞJÓNUSTA Félagið Artic Sea Tours hefur óskað eftir leyfi Dalvíkurbyggðar til að starfrækja kajakferðir á Svarfaðardalsá. Málið hefur verið tekið fyrir í umhverfisráði sveitarfélagsins sem kveðst litast vel á hugmyndina.

„En áður en leyfi er gefið út óskar ráðið eftir að umsækjandi afli umsagna frá friðlandsnefnd Friðlands Svarfðæla og Veidifélagi Svarfaðardalsár,“ segir umhverfisráðið þó og óskar jafnframt eftir upplýsingum um hvort fyrirhugað sé að vera með aðstöðu á svæðinu og hvar þá. Talsverð sjóbleikjuveiði er í Svarfaðardalsá. Veiðitímabilið er frá 1. júní til 10. júní. – gar



Kajakkona á ferð um Elliðaárnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sirkushúsið snýr aftur



Unnið er að því að byggja á ný framhluta hússins á Klapparstíg þar sem skemmtistaðurinn Sirkus stóð áður. Skemmtistaðurinn var starfræktur í húsinu árum saman þar til honum var lokað árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Formaður Víkings í formannshugleiðingum

Guðni Bergsson liggur enn undir felldi og gefur ekki upp hvort hann ætli að fara í formannskjör hjá KSÍ. Þrýst er á Björn Einarsson, formann Víkings, að fara fram. Geir Þorsteinsson hefur verið formaður KSÍ síðan 2007.

ÍÞRÓTTIR Guðni Bergsson ætlar ekki að ákveða hvort hann fari í formannskjör KSÍ fyrr en í janúar. Guðni sagði í samtali við Fréttablaðið að það væri nægur tími enda ársþing KSÍ ekki fyrr en 11. febrúar. „Maður er bara að veiga og meta. Við sjáum hvað setur,“ sagði Guðni.

Töluverður þrýstingur hefur verið á Guðna í nokkurn tíma að hann bjóði sig fram. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegra en ekki að Guðni tilkynni framboð sitt strax á nýju ári.

Þá hefur nokkur fjöldi skorað á Björn Einarsson, formann Víkings, um að taka slaginn í febrúar. Er hann einnig að veiga og meta stöðuna og hefur ekki tekið neina ákvörðun en ihugar málin.

„Þetta eru þreifingar, ekki mjög djúpar þælingar og ég hef ekki tekið neina ákvörðun. En ímynd þessa glæsilega sambands þarf að vera önnur en hún er núna,“ segir Björn.

Björn segir að síminn hafi mikið hringt og ákall um breytingar sé augljóst. „Ég hef aldrei fundið jafn mikið fyrir því og nú. Ég hef verið lengi í því að reka íþróttafélag sem er dýrmat reynsla og ég er líka með mikla rekstrarreynslu í fyrirtækjum, bæði hér heima og erlendis.

Það þarf að styrkja ímynd KSÍ og það eru allir sammála því, hvar sem fólk stendur. Ég hef aldrei fundið jafn mikla spennu og togstreitu í þessum

Ímynd þessa glæsilega sambands þarf að vera önnur en hún er núna.

Björn Einarsson, formaður Víkings



málum og nú þannig að ég ætla að meta og spá í þetta.

Ég tel að ég hafi góða reynslu í þetta og ég myndi gera þetta sem hefðbundna stjórnarformennsku. Þannig að sterk skrifstofa með sterkan framkvæmdastjóra sæi um daglegan rekstur. Það er mín sýn.“

Geir Þorsteinsson hefur verið formaður KSÍ síðan 2007 en gustað hefur um starfsemi KSÍ að undanfögnu. Bæði eftir að greint var frá því að Geir hefði fengið tveggja mánaða bónus fyrir ótilgreinda vinnu sína í kringum EM í Frakklandi og landsliðsnefnd sambandsins. Ársþing KSÍ verður haldið í Vestmannaeyjum þann 11. febrúar. benediktboas@365.is

THERA°PEARL
A NEW DEGREE OF RELIEF™

Jólagjöfin í ár

Thera°Pearl margnota hita- og kælipúðarnir eru hannaðir af læknum. Thera°Pearl eru með ól sem auðveldar meðferð meðan á vinnu eða leik stendur.

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14



LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



Geir Þorsteinsson

Guðni Bergsson

Stúlka hallar sér að hrjúfum vegg og nýttur þess að anda að sér fersku regnloftinu.

ÚTI. REYKJAVÍK - NÓTT



GEYSIR



Starfsmenn danska fjármálaeftirlitsins eru skyldaðir til að bera vitni gegn Roskilde Bank. NORDICPHOTOS/AFP

Skyldaðir til að bera vitni

DANMÖRK Hæstiréttur í Danmörku hefur úrskurðað að þrjú starfsmenn danska fjármálaeftirlitsins geti ekki falið sig á bak við þagnarskyldu. Þeir verði að bera vitni í málinu gegn Roskilde Bank sem varð gjaldþrota 2008.

Ríkisfyrirtækið Finansiel Stabilitet, sem tók yfir fjölda banka í hrúinu, hefur krafist eins milljarðs danskra króna af átta háttsettum starfsmönnum bankans, endurskoðunar-fyrirtæki hans og tveimur endurskoðendum.

Roskilde Bank var gagnrýndur í þremur skýrslum danska fjármálaeftirlitsins á árunum 2005 til 2008. Það er mat ríkisfyrirtækisins Finansiel Stabilitet að mikilvægt sé að starfsmennirnir þrjú beri vitni þar sem þeir hafi setið marga fundi í bankanum áður en hann varð gjaldþrota. Þeir hafi þess vegna vitað hvað var að gerast. – **ibs**

Ákærður fyrir vopnað rán á Akureyri


LÖGREGLUMÁL Maður hefur verið ákærður fyrir vopnað rán í versluninni Samkaup Strax við Borgarbraut á Akureyri. Ránið var framið þann 17. september síðastliðinn.

Í ákæru segir að maðurinn, sem er á þritugsaldri, hafi veist að starfsmanni vopnaður hnífi með grímu fyrir andliti og hettu yfir höfði, og krafist peninga úr kassa verslunarinnar.

Tjáði hann starfsmanni verslunarinnar að hann myndi skera starfsmanninn ef honum yrðu ekki afhentir peningar. Hafði þjófurinn rétt rúmar 60.000 krónur upp úr krafsinu. Verði hann sakfelldur á hann yfir höfði sér bæði fangelsisdóm og kröfu um greiðslu sektar. – **sa**

60

Þúsund krónur hafði þjófurinn upp úr krafsinu



Allt frá tíu og upp í fjörtíu prósent þjóðarinnar smitast árlega af Inflúensunni. Fyrstu tilvik vetrarins hafa nú greinst. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

LSH í viðbragðsstöðu vegna Inflúensunnar

Inflúensa hefur greinst í sjúklingum á Íslandi og er þetta nokkuð fyrir en á hefðbundnum vetri. Spítalinn settur í viðbragðsstöðu með auknu álagi á innviði spítalans. Yfirlæknir bráðalækninga segir sjúklinga setta í einangrun.

HEILBRIGÐISMÁL Inflúensa hefur greinst á Landspítalanum í Reykjavík og hefur bráðamóttaka spítalans verið sett í viðbragðsstöðu. Að mati yfirlæknis mun þetta hafa í för með sér aukið álag á innviði spítalans því sjúklinga með einkenni Inflúensu þarf að einangra frá öðrum sjúklingum.

„Sjúklingar með öndunar- eða kvefeinkenni fara í einangrun hjá okkur, þeir rannsakaðir sérstaklega til að ganga úr skugga um hvort um Inflúensu sé að ræða,“ segir Jón Magnús Kristjánsson, settur

yfirlæknir bráðalækninga á LSH.

Inflúensa er bráð veirusýking og veldur faraldri nánast á hverjum vetri á Íslandi. Á síðustu árum hefur um tíund þjóðarinnar og allt upp í 40 prósent smitast árlega af Inflúensunni. Faraldur Inflúensu varir hér á landi oft upp í tíu vikur.

Jón Magnús segir Inflúensufaraldurinn geta mikil áhrif á innviði spítalans. Nú sé unnið að því að kaupa inn tæki sem hraðar greiningu á Inflúensunni hjá sjúklingum. Reynt verður að fá tækið inn á allra næstu dögum. „Inflúensunni

fylgja fleiri innlagnir en ella og oft hjá eldra fólki svo þetta getur haft mikil áhrif á starf spítalans,“ segir Jón Magnús.

Hann bætir því einnig við að það gæti tekið nokkrar vikur fyrir Inflúensuna að ná hámarki. Fram að því fjölgi tilfellum jafnt og þétt fyrstu vikurnar. „Inflúensan er þannig að hún byrjar oft rólega og það koma inn nokkur tilfelli fyrstu vikurnar. Á þessari stundu vitum við ekkert hvernær við náum toppnum en á meðan setjum við spítalann í viðbragðsstöðu.“ **sveinn@frettabladid.is**

Samtök krefja MAST um málsgögn

NEYTENDUR Neytendasamtökin og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa sent sameiginlegt erindi til Matvælastofnunar (MAST) þar sem óskað er upplýsinga frá stofnuninni um öll alvarleg frávík í innlendra eftirlitsskyldri matvælaframleiðslu sem hún hefur gert athugasemdir við í eftirlitsstörfum sínum.

Fréttablaðið sendi MAST áþekka fyrirspurn miðvikudaginn 30. nóvember þar sem óskað var eftir gögnum er varða fyrirtæki sem hafa fengið itrekaðar athugasemdir frá MAST. Þeirri fyrirspurn var hafnað samdægurs.

Tilfni erindisins er brúneggjalmálið sem upplýst var um í Kastljósi nýverið, en í fréttatilkynningu segir að MAST hafi alfarið brugðist í eftirlitshlutverki sínu. „Þrátt fyrir



Neytendasamtökunum og SVP er nóg boðið og krefja MAST um svör. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

að starfsemin hafi verið til skoðunar hjá MAST í tæp tíu ár og aðfinnslur hafi verið gerðar við þá starfsemi var hvorki verslun né neytendum veittar upplýsingar um þá meinbugi sem nú hafa komið í ljós. „“ segir þar,

en enn fremur segir að umfjöllun undanfarið hafi orðið til þess fallin að vekja upp áleitnar spurningar um matvælaeftirlit MAST og það traust sem á að ríkja um eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar.

Þá sé gagnrýnivert að hagsmunir innlendrar matvælaframleiðslu hafi alfarið vikið til hliðar hagsmunum neytenda og verslana af því að fá upplýsingar um eftirlitsskylda starfsemi og þær vörur sem frá þeirri starfsemi berast. Að óbreyttu sé nú uppi viðvarandi brestur á trausti hagsmunaaðila hvað varðar eftirlit með matvælaframleiðslu, sér í lagi þar sem MAST hefur heimilað afhendingu á matvælum til verslana og neytenda þrátt fyrir að búa yfir upplýsingum um margvísleg brot gegn löggjöf um matvæli og aðbúnað dýra. – **shá**

Oliuverð náði 15 mánaða hæð


VIÐSKIPTI Verðið á Brent-hraolíu rauð 55 dollara múrinn í gær. Verð á tunnu fór upp í 55.33 þegar hæst lét í gær en lækkaði niður í 54 dollara seinni partinn. Verðið hefur ekki farið yfir 55 dollara í fimmtán mánuði.

Hraolíuverð hefur lækkað verulega síðustu tvö árin. Oliuverð fór þó að hækka á ný síðasta miðvikudag eftir að OPEC-ríkin sem framleiða þriðjung af olíu heimsins ákváðu að draga saman framleiðslu um 1,2 milljónir tunna á dag.

Um eftirmiðdaginn í gær hafði Brent-hraolía hækkað um 18 prósent á síðastliðinni viku. Svo virðist sem markaðurinn hafi trú á að minni framleiðsla muni kynda undir áframhaldandi hækkun. – **sg**

\$55

Verðið á Brent-hraolíu í gær



Á gamlárskvöld. Stjórnublysinn sem hafa verið bönnuð voru send til prófunarstöðvar á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sölubann sett á stjórnublys

NEYTENDUR Neytendastofa hefur sett sölu- og afhendingarbann á stjórnublys frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Á vef Neytendastofu segir að handblysinn stjórnublys hafi verið send til prófunarstofu á Spáni. Niðurstaða prófunarinnar var sú að sjö af tíu blysum virkuðu ekki rétt þar sem þau uppfylltu ekki kröfur um grunngerð skotelda.

Stjórnublysinn eru í flokki-1 sem eru skoteldar sem lítil hætta á að stafa af. Bent er á að þar sem þau virki ekki rétt geti stafað hætta af þeim. Þess er krafist að félagið eyði öllum óselldum eintökum.

Framangreind prófun og skoðun Neytendastofu er hluti af sam- evrópsku átaksverkefni um öryggi skotelda. – **ibs**



HANDHAFI ÍSLENSKU BARNABÓKAVERÐLAUNANNA 2016



„... einlæg og trúverðug ...“

MARÍA BJARKADÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„Sagan er spennandi og ljúfsár, tekur á mörgu verðugu og hefur góðan boðskap.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

Tímalaus hönnun á jólatilboði

Eames DSR

Tilboðsverð 39.500 kr.

Verð áður 45.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DSW

Tilboðsverð 52.900 kr.

Verð áður 63.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAW

Tilboðsverð 66.900 kr.

Verð áður 82.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames RAR

Tilboðsverð 69.900 kr.

Verð áður 84.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950



Eames DAR

Tilboðsverð 48.900 kr.

Verð áður 56.900 kr.

Charles og Ray Eames, 1950

**Tilboð gilda frá 14. nóvember
til 24. desember 2016**

Stjórnin segist hafa heimild

BRETLAND Breska stjórnin segir að þegar tillaga um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu var borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu hafi þjóðin reiknað með því að ríkisstjórnin myndi hrinda niðurstöðunni í framkvæmd.

Jeremy Wright, aðalmálflutningsmaður bresku stjórnarinnar, segir að breska þingið hafi auk þess samþykkt lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna í fullri vitund um að ríkisstjórnin myndi fylgja niðurstöðunni eftir.



Jeremy Wright
málflutnings-
maður bresku
ríkisstjórnarinnar

Þetta eru rök stjórnarinnar í málaferlum fyrir Hæstarétti Bretlands, sem hófust í gær. Þar er tekist á um það hvort stjórnin geti upp á eigið einsdæmi, í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í sumar, virkjað útgönguákvæði sáttmála Evrópusambandsins og samið um útgöngu.

Yfirréttur í London komst fyrir nokkrum vikum að þeirri niðurstöðu að breska þjóðþingið þyrfti að taka ákvörðunina. Stjórnin áfrýjaði þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar, sem tók málið til meðferðar í gær og ætlar að gefa út úrskurð síðar í vikunni.

Wright sagði fyrir dómi í gær að þingið hafi, þegar lög voru sett um þjóðaratkvæðagreiðsluna, ekki sett neinn fyrirvara um að stjórnin eigi ekki að sjá um framkvæmd niðurstöðunnar. – gb

Orrustan um Aleppo



Hermenn stjórnarhers Bashar al-Assad, forseta Sýrlands, bíða átektu í Karm al-Jabal-hverfi borgarinnar Aleppo. Skömmu seinna sóttu þeir að al-Shaar-hverfi en stjórnarherinn reynir nú að ná borginni á sitt vald af uppreisnarmönnum. Samkvæmt mannúðarsamtökum á svæðinu er herinn nærri því að ná al-Shaar-hverfi á sitt vald og myndi þá fara með völdin í sjötíu prósentum borgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Renzi stendur við loforð um afsögn

Óvissa ríkir í stjórnámum og efnahagsmálum Ítalíu eftir að tillögur um stjórnarskrárbreytingar voru felldar í þjóðaratkvæðagreiðslu um helgina. Evran féll en náði sér aftur og verðbréf ítalskra banka lækkuðu. Matteo Renzi sagði af sér þegar þegar úrslitin lágu fyrir.

ITALÍA Matteo Renzi sagði af sér í gær sem forsætisráðherra Ítalíu eftir að tillögur hans um breytingar á stjórnskipan landsins voru felldar í þjóðaratkvæðagreiðslu með 59,1 prósentu atkvæða. Kosningabátttakan var 68 prósent.

Framhaldið er óljóst, en til að byrja með er það í höndum Sergios Mattarella forseta sem gat neitað að fallast á afsagnarbeiðni forsætisráðherra, sem þyrfti þá að óska eftir stuðningsyfirlýsingu frá þinginu. Forsetinn gæti einnig fengið annan ráðherra eða utanþingsmann til að mynda starfsstjórn þangað til kosid verður nýtt þing.

Kjörtímabil þjóðþingsins rennur reyndar ekki út fyrr en vorið 2018. Demókrataflokkur Renzis verður því enn um sinn með sterka stöðu á þing-

inu, þótt hann yfirgefi forsætisráðuneytið.

Renzi sagðist ekki sjá eftir neinu: „Ég er stoltur af því að stjórnin hafi gefið almenningi tækifæri til að tjá sig um umbæturnar. Margir hafa kynnst stjórnarskránni betur,“ sagði hann seint á sunnudagskvöld, þegar úrslitin voru orðin ljós.

Hann taldi nauðsynlegt að gera rötækjar breytingar á stjórnarskrá landsins til þess að auðvelda ríkisstjórninni að takast á við efnahagsvandann, sem íþyngir landsmönnum.

Breytingarnar mættu hins vegar mikilli mótstöðu. Margir óttuðust afleiðingarnar af því að styrkja miðstjórnina í Róm á kostnað héraðsstjórnanna.

Helsti andstæðingur stjórnlag-



Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, hélt blaðamannafund og tilkynnti afsögn sína í gær. NORDICPHOTOS/AFP

frumvarps forsætisráðherra var Beppo Grille, leiðtogi Fimmstjórnuhreyfingarinnar, sem er þriðja stærsta aflið á ítalska þjóðþinginu. Hann fagnaði brotthvarfi Renzis.

Margir óttast afleiðingarnar af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar, aðallega fyrir efnahagslífið á Ítalíu sérstaklega, en einnig fyrir evruna og efnahagsástand Evrópusambandsríkjanna almennt.

Evran féll í verði þegar ljóst var að Renzi myndi segja af sér, en náði sér reyndar fljótlega aftur. Þá fellu verðbréf í ítölskum bönkum, en þeir eru margir með miklar skuldir á herðunum. Líkur á því að þeim takist að endurfjármagna sig á næstunni þykja hafa minnkað verulega.

gudsteinn@frettabladid.is

HAPPRÆTTI



DREGIÐ
29. DES

VILTU VINNA ÍBÚÐ?

DRÖGUM ÚT ÍBÚÐ Í DESEMBER
AÐ VERÐMÆTI 30 MILLJÓNIR!

51.000 VINNINGAR DREGNIR ÚT Á ÁRINU!

Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757

 Fylgstu með okkur á Facebook

„Við þökkum þér fyrir að taka þátt í Happrætti DAS og gera með því líf okkar hér á Hrafnistu betra.“

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

Rafbraut um Ísland

Orkusalan gefur öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöð fyrir rafbíla. Verkefnið er einstakt á heimsmælikvarða og risastórt skref í átt að rafbílavæddu Íslandi. Stuðið er hafið og áætlað er að afhenda allar hleðslustöðvarnar fyrir jól.

orkusalan 

Hugleiða að breyta 70 milljóna grunnni úr hruninu í nestispall í þjóðgarðinum

Þjóðgarðsvörður segir Þingvallanefnd vilja kaupa sjötíu milljóna króna húsgrunn við Þingvallavatn til að „veita almenningi kost á að njóta hins friðhelga svæðis“. Dreigið verði úr umferð gangandi fólks með vatnsbakkanum ef það fær aðgang að lóðinni. Nýta megi grunninn sem nestisaðstöðu fyrir gesti þjóðgarðsins. Áhöld um hvort eigendur hafi haft heimild til að rífa hús á lóðinni.

STJÓRNSÝSLA „Það er mat Þingvallanefndar að um einstakt tækifæri sé að ræða í ljósi staðsetningar lóðarinnar og ástands hennar að öðru leyti,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður í bréfi þar sem hann óskar eftir því fyrir hönd Þingvallanefndar að forsætisráðuneytið beiti sé fyrir því að fjárheimild fái til að kaupa 70 milljóna króna húsgrunn.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu vill Þingvallanefnd neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaup á 139 fermetra húsgrunninn með kjallara við Þingvallavatn.

Þjóðgarðsvörður segir í bréfinu að Þingvallanefnd telji staðsetningu lóðarinnar skipta máli. Hún sé við bakka Þingvallavatns. Ofan við hana sé göngustígur og ekki sé unnt að ganga með vatnsbakkanum vegna legu lóða og sumarhúsa.

„Lóðin liggur í beinu framhaldi af Almannaeggja og er til þess fallin að tengja þinghelgina og aðgengi að Þingvallavatni og þar með auka það svæði sem verði gestkomandi aðgengilegt. Lóðir sem liggja við bakka Þingvallavatns norðan við lóðina eru í eigu einstaklinga og þar með ekki opnar almenningi,“ rekur þjóðgarðsvörður.

Þá segir Ólafur Örn að Þingvalla-

Lóðir sem liggja við bakka Þingvallavatns norðan við lóðina eru í eigu einstaklinga og þar með ekki opnar almenningi.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



nefnd bendi á að við vatnsbakka Þingvallavatns sé talsvert sýnilegt álag af völdum ágangs. Með því að opna aðgengi að vatninu telji nefndin að mögulegt sé að draga úr umferð gangandi fólks meðfram vatnsbakkanum. Á lóðinni sé gróður, slétt undirlendi og útsýni yfir vatnið og hið friðhelga svæði sé mikið.

„Telur Þingvallanefnd að ákvörðunin stuðli að því að vernda og viðhalda náttúrufari þjóðgarðsins og veita almenningi kost á að njóta hins friðhelga svæðis. Þá telur nefndin að hægt sé að nýta hinn steypa grunn fyrir gesti þjóðgarðsins, til dæmis fyrir nestisaðstöðu,“ segir þjóðgarðsvörður.

Áhöld eru um hvort eigendur húsgrunnins hafi haft heimild til að rífa tvö eldri sumarhús og steypa umræddan húsgrunn á leigulóðinni frá ríkinu eins og Fréttablaðið hefur greint frá og er málið í biðstöðu í forsætisráðuneytinu.

„Þingvallanefnd telur málefnalegt að neyta forkaupsréttar að hinum steypa grunninn. Verði mannvirki byggt á grunninum er ljóst að það verður stærsta mannvirki innan þjóðgarðsins í eigu einstaklinga,“ segir þjóðgarðsvörður í bréfinu sem kveður þó jafnframt óvissu um hvaða framkvæmdir voru samþykktar af byggingarfulltrúa og Þingvallanefnd og hvort þær framkvæmdir sem þegar séu hafnar samræmist leyfum þessara aðila.

Enn fremur segir þjóðgarðsvörður Þingvallanefnd telja nauðsynlegt að tryggja nefndinni full umráð lóðarinnar með vísan til framangreindra sjónarmiða. „Þá vill Þingvallanefnd benda á í þessu samhengi að nefndinni hefur ekki boðið að kaupa lóðir á Þingvöllum í sambærilegu ástandi og sú sem um ræðir hér,“ skrifar hann. Vegna þessa er þó vert að undirstrika að ríkið á nú þegar lóðina og er eingöngu að kaupa steypugrunninn sem dagaði uppi við vatnið í bankahrúinu. gar@frettabladid.is



Ekki er víst að steypumassinn sem fluttur var á þessa lóð við Valhallarstíg verði fjarlægður eignist ríkið mannvirkið.

Klúður lögreglunnar kostar 800 þúsund

LÖGREGLUMÁL Ríkinu er gert að greiða sakarkostnað máls þar sem maður stal bíl og keyrði undir áhrifum áfengis, vegna þess að bifreiðin, sem stolið var, hafði verið í umsjá rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurlandi.

Fram kemur í úrskurði Héraðsdóms Suðurlands að maður hafi ruðst heimildarlaust inn á heimili og tekið þaðan lykka að bifreið, notað hana í heimildarleysi og ekið án tilskilinna ökuréttinda, undir áhrifum áfengis og á 129 kílómetra hraða á klukkustund austur Suðurlandsveg við Ingólfsfjall. Hann hafi ekki sinnt stöðvunarkerkjum lögreglu heldur ekið áfram þangað til akstur bifreiðarinnar var stöðvaður við Ölfusárbrú á Selfossi.

Maðurinn játaði á sig alla sök nema hvað varðar nytjastuld og húsbrot. Lögreglustjórinn á Suðurlandi fór með rannsókn málsins en bifreiðin

var í umsjá rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurlandi. Samkvæmt lögreglulögum mega lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórn-sýslulögum.

Það er álit dómsins að lögreglustjórinn á Selfossi hafi verið vanhæfur til að fara með rannsókn á umræddum meintum nytjastuldi ákærða sem beindist að umræddri bifreið þar sem embætti lögreglustjórans var sjálft í stöðu brotþola. Ákærinni var því vísað í heild sinni frá dómi.

Ákærða verður ekki gert að greiða sakarkostnað málsins, ríkissjóður greiðir því verjanda hans 879.780 krónur. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu lögreglustjóra Vestmannaeyja hefur málið verið kært til Hæstaréttar. –sg



Það var álit dómsins að lögreglustjórinn á Selfossi hafi verið vanhæfur til að fara með rannsóknina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Maður getur alltaf á sig eplum bætt

Apple TV 4 fylgir með iPhone 7 og iPhone 7 Plus fyrir viðskiptavinum með síma- eða netáskrift hjá Símanum

iPhone 7

Verð frá 124.990 kr.

iPhone 7 Plus

Verð frá 134.990 kr.

Apple TV 4

að verðmæti 26.990 kr.

Gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Önnur afsláttarkjör gilda ekki með jólatilboðum.

siminn.is/jol



Tefal
Pottar og pönnur



20%
afsláttur

BRAUN Hársnyrtitæki



20%
afsláttur

Pioneer

Hljómtækjastæða

X-HM21BT-K/S
Bluetooth stæða
Til í svörtu og silfur.
Áður kr. 45.900,-



Jólatilboð

kr. 36.900,-



Pioneer

2x38mm Full-Range Bluetooth hátalarar

kr. 16.900,-

Wii U



Leikjatölva ársins 2015 hjá Forbes.
Flottur pakki með vinsælum Mario Kart 8
tölvuleik.

WiiU : 59.900,- Leikir frá kr. 4.490,-

kr. 59.900,-



Gleðilegar og
gagnlegar vörur
á góðu verði

NIVONA

Afkastamiklar og
endingagóðar kaffivélur
til heimilisnota.



kr. 79.900,-

AEG

Expresso-kaffivél



kr. 29.900,-



levenhuk

LEV65557
Stjörnusjónauki

kr. 24.900,-



SAMSUNG

MS23F301EAS

23 lítra örbylgjuofn.

Jólatilboð

kr. 19.900,-



ZWILLING
Sommelier-sett



kr. 10.900,-



OBH NORDICA

BIG POPPER

kr. 9.990,-



Háreyðingatæki í gjafasetti.

kr. 19.900,-



UNOLD

Fjögurra brauða rist
með brauðbollugrind.

kr. 6.990,-

NÝR VEFUR

Netverslun

ORMSSON.IS



Opnunartímar:

Virka daga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

Mikill vilji til að sameina sveitarfélög

Engin lagafrumvörp eru í undirbúningi í innanríkisráðuneytinu um sameiningu sveitarfélaga. Mikill vilji virðist vera til sameiningar hjá sveitarstjórnarfólki. Innanríkisráðherra segir frumkvæðið þurfa að koma frá sveitarstjórnunum frekar en ríkinu.


STJÓRNSÝSLA „Við söknum þess að það sé ekkert frumvæði í ráðuneytinu og að þessi mál séu ekki sett á oddinn hjá stjórnmalaflokkum og þessi umræða tekin,“ segir Regina Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraness, um sameiningu sveitarfélaga. Í gær greindi Fréttablaðið frá tillögum Samtaka atvinnulífsins um að fækka megi sveitarfélögum úr 74 í níu stór sveitarfélög.

Regína tekur tillögum SA fagnandi og hefur sjálf talað fyrir sameiningu. „Það eru gríðarlegir fjármunir að fara í sameiginlegan kostnað svo sem nefndarkostnað og kostnað vegna yfirstjórnar. Ég held að við getum gert betur og sett meiri pening í þjónustuna ef við höfum færri og sterkari sveitarfélög.“

Tilhneiging margra minni sveitarfélaganna hefur þó verið að lýsa yfir andstöðu við sameiningu.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir að innan ráðuneytisins hafi verið umræða um sameiningu allt kjörtímabilið. „Það er alltaf þessi spurning um hvort það eigi að þvinga sveitarfélögin til sameiningar eða ekki. Við höfum verið þeirrar skoðunar að þetta þurfi að gerast að þeirra frumkvæði. Það sé ríkisins að ýta undir það þegar menn sjá hag sinn í sameiningu.“

Í Fréttablaðinu í gær kom til dæmis fram að enginn lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga sé festur í lög. Í Danmörku voru sett lög um að íbúafjöldi sveitarfélaga yrði að lágmarki 20 þúsund íbúar og þannig var minni sveitarfélögum gert að sameinast. Innan Sambands íslenskra sveitar-



Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri
Akraness



Ólafur Áki Ragnarsson
sveitarstjóri
Vopnafjarðar

árekstrar sem er ekki æskilegt,“ segir Ólöf. Hún fagnar þó tillögum SA inn í umræðuna og segir áhugavert sjónarmið að fækka sveitarfélögumum jafn mikið og þær gera ráð fyrir.

Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, tekur sömu leiðis jákvætt í tillögurnar. „En þetta kallar á viðhorfsbreytingu í stjórnkerfinu. Ríkið þarf að færa verkefni til sveitarfélaganna því við megum ekki bara sameina sveitarfélög til að veikja þau.“

Hann nefnir sem dæmi að við hagræðingu og samþjöppun sé líklegt að einhver störf sérfræðinga glattist. „Þá þurfum við að fá eitthvað á móti til að halda fjölbreytni í þessum samfélögum. Ef ríkið kæmi rausnarlega á móti með því að flytja störf til sveitarfélaganna sem kalla á að fólk sé með ákveðna menntun. Það er það sem okkur vantar úti á landi.“

snaeros@frettabladid.is

Það er alltaf þessi spurning um hvort það eigi að þvinga sveitarfélögin til sameiningar eða ekki. Við höfum verið þeirrar skoðunar að þetta þurfi að gerast að þeirra frumkvæði.



Ólöf Nordal

félaga hefur þessi aðferð til að mynda verið rædd.

„Það er ekki verið að undirbúa nein lagafrumvörp um þetta. Mér finnst mikilvægt að þetta sé samtal á milli sveitarstjórnarstigsins og ríkisins. En þvingun er ekki skynsamleg. Það endar með því að það geta orðið

klippid

100% ARABICA 304

100% ARABICA 103

FRISKHEÐ OG AROMA

Merrild

SIDEN 1964

FORMALET KAFFE MÖRK

FORMALET KAFFE MELLEMRISTET

Merrild

500g e

INTENSITET 5

epal

Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum* og þú gætir unnið gjafabréf frá Epal að verðmæti 100.000 kr. Einnig verða dregin út 20 gjafabréf frá Epal að verðmæti 20.000 kr. hvert, alls að verðmæti 500.000 kr. Dregið verður 22. desember.

Þátttökuumsög í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

*Gildir fyrir alla Merrild pakka.



Í kjúklingabúi. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIDRIK ÞÓR

Hætti að losa hæsnaskít í námuna við Ytra-Holt

UMHVERFISMÁL „Við erum svona aðeins að hnippa í þá,“ segir Hörður Gunnarsson, formaður umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar, sem gerir athugasemdir við hvernig kjúklingabúið Matfugl kemur hæsnaskít fyrir við gamla malarnámu við Ytra-Holt.

„Þar sem námuna við Ytra-Holt er ekki viðurkenndur urðunarstaður getur umhverfisráð ekki sætt sig við að námuna sé notuð sem slík. Matfugli ber að finna varanlega lausn á losun hæsnaskíts frá sínum rekstri,“ bókar umhverfisráðið sem

jafnframt leggur áherslu á að við endurnýjun á starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti verði gerðar skýrar kröfur til Matfugls um meðhöndlun á úrgangi frá starfsemi fyrirtækisins.

Börkur Þór Ottósson, sviðstjóri umhverfissviðs Dalvíkurbyggðar, segir Matfugl hafa haft munnlegt leyfi til að nýta námuna en hafi ekki uppfyllt skilyrði um að dekkja hæsnaskítinn á meðan hann brýtur svo hægt sé að dreifa honum sem áburði á tún. Hestamenn í nágrenninu hafi kvartað undan foki úr skitnum. – gar

600 milljónum varið í uppbyggingu á Hveravöllum

FERÐAÞJÓNUSTA Áætlað er að uppbygging ferðaþjónustu á Hveravöllum muni í heildina kosta um 600 milljónir króna. Fyrirtækið Allrahanda áformar gríðarlega uppbyggingu á næstu árum í samvinnu við Húnavatnshrepp til að sinna ferðaþjónustu á hálendinu.

Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá Greyline, segir að allt frá því fyrirtækið kom inn í rekstur Hveravalla fyrir nokkrum árum, hafi það varið um eitt hundrað milljónum í uppbyggingu á svæðinu, allt frá salernis-



Fyrirhuguð bygging á að falla vel að umhverfinu á hálendinu.

aðstöðu og neysluvatnskerfi til uppbyggingar á fjarskiptum í samvinnu við símafyrirtækin.

„Við sjáum mikinn fjölda gesta koma á Hveravelli á hverju ári og þjónustan á staðnum er ekki ein-skorðuð við sumarmánuðina. Þjónustan er notuð allt árið.“ segir Þórir. „Til að hægt sé að taka við gestum og bjóða þeim upp á góða þjónustu þarf að ráðast í miklar endurbætur á byggingum á svæðinu. Við munum því byggja nýtt þjónustuhús á staðnum en hús á staðnum verður fjarlægð á móti.“

Uppbyggingin mun fara fram utan friðlands og núverandi mannvirki sem eru innan friðlandsins, eins og núverandi bílastæði, verða aflögð og grædd upp. Byggt verður upp nýtt bílastæði utan friðlandsins. Þetta er gert að mati Þóris til að vernda friðlandið og náttúrulega ásynd þess. „Þau hús sem við ætlum að byggja á svæðinu munu síðan falla vel að umhverfinu. Ásynd svæðisins mun batna við uppbygginguna og við teljum þetta vera til hagsbóta fyrir svæðið í heild sinni,“ segir Þórir. – sa



Skrifað var undir í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kennarar greiða atkvæði

KJARAMÁL Rafræn atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning grunn-skólakennara, sem skrifað var undir 29. nóvember síðastliðinn, hófst á hádegi í gær. Hún stendur til klukkan fjögur, mánudaginn 12. desember.

Atkvæðisrétt hafa félagsmenn í Félagi grunn-skólakennara sem starfa hjá sveitarfélögum landsins. Þeir sem ekki hafa rétt til að taka þátt í kosningunni eru félagsmenn sem eru í launalausú leyfi, félagsmenn sem hafa beina félagsaðild að KÍ, félagsmenn sem þiggja atvinnuleysisbætur og starfsmenn KÍ. – jhh

Mesti afgangur í sögunni

EFNAHAGSMÁL Hundrað milljarða króna afgangur var af viðskiptum við útlönd á þriðja fjórðungi ársins 2016. Hagfræðideild Landsbankans segir að þetta sé mesti afgangur sem mælt hefur frá upphafi mælinga, en fyrra met var á þriðja ársfjórðungi 2013 þegar 66 milljarða afgangur mældist. Afgangur á þriðja ársfjórðungi var því um 35 milljörðum krónum hærra en fyrra met. Þá er þess getið að mesti halli sem mælt hefur á einum ársfjórðungi var 137 milljarðar á öðrum ársfjórðungi 2008. – jhh

100

milljarða afgangur var af viðskiptum við útlönd

Aulýsa ekki starf skólameistara

MENNTAMÁL Staða skólameistara framhaldsskólans á Húsavík hefur enn ekki verið auglýst þrátt fyrir að skólameistari skólans hafi sagt upp í mars. Aðstoðarskólameistarinn Jóney Jónsdóttir var þá sett í embættið til áramóta.

Fréttablaðið spurdist fyrir um það í ágúst hverju sætti að ekki væri enn búið að auglýsa stöðuna þá. Fengust þá svör um að staðan yrði auglýst á næstu vikum. Nú, þremur mánuðum síðar, hefur staðan ekki verið auglýst.

Jóney Jónsdóttir, settur skólameistari, segist engar upplýsingar hafa um það hver taki við starfinu þann 1. janúar næstkomandi eða hvort hún verði skipuð áfram af ráðherra. – sa

JÓL 2016

Hjá okkur færðu þýsk gæðatæki frá Siemens, Bosch og Gaggenau. Fyrir jólin bjóðum við fjölda glæsilegra tækja á sérstöku jólaverði. Komdu til okkar og gerðu frábær kaup þér og öðrum til ánægju.



Bosch Handryksuga

BKS 4043

Öflug, 14,4 V. Sýgur upp þurr óhreininndi, agnir og vökva.

Jólaverð:

6.900 kr.

Fullt verð: 8.900 kr.



Rommelsbacher Vöflujárn

WA 1000/E

Glæsilegt 1000 W vöflujárn úr burstuðu stáli frá þýska framleiðandanum Rommelsbacher. Viðloðunarfrítt yfirborð.

Jólaverð:

10.900 kr.

Fullt verð: 13.900 kr.



Pralin Hangandi ljós

65641-16

Jólaverð:

16.900 kr.

Fullt verð: 21.900 kr.



Bosch Töfrasproti

MSM 67170

Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring. Losanlegur neðri hluti sem má þvo í uppþvottavél. Skál með loki, stór hakkari, ísbrjótur og þeytari fylgja með.

Jólaverð:

8.900 kr.

Fullt verð: 11.900 kr.



Bosch Matvinnsluvél

MCM 3110W

800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling. Tætir, sneidir, rífur og sker. 2,3 lítra skál. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.

Jólaverð:

9.500 kr.

Fullt verð: 11.900 kr.



SIEMENS Espresso-kaffivél

TE 515209RW

Alsjálfvirk kaffivél sem býr til helstu kaffidrykki með einum hnappi. 15 bara þrýstingur. Kaffikvörn úr keramik sem gerir vélina hljóðlátu.

Jólaverð:

109.900 kr.

Fullt verð: 139.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Ráðhúsin 74



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Í Mitte, einu af hverfum Berlínar, búa 356 þúsund manns á 39 ferkílómetrum. Hinn 1. janúar á þessu ári bjuggu 332.529 á Íslandi á 103 þúsund ferkílómetrum. Við erum svo fá að við erum eins og hverfi í Berlín. Bara gríðarlega vel dreifð.

Sjálfstæði sveitarfélaga er tryggt í stjórnarskránni en þar segir að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Jafnframt skuli tekjustofnar þeirra ákveðnar með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. Ákvæði um sjálfstæði sveitarfélaga er skipað í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og á það sér sögulegar rætur í þeirri grunnhugsun að réttur sveitarfélaga til að ráða eigin málefnum sé jafnframt réttur íbúa þeirra til að ráða málefnum sínum sjálfir.

Sveitarfélögin tóku við af hreppunum sem fram til ársins 1872 voru á bilinu 160-170 talsins. Undir lok nítjándu aldar fór þeim að fjölga en lengst af tuttugustu öldinni voru sveitarfélögin vel yfir 200. Líklega voru þau flest árið 1950 þegar þau voru 229. Á Íslandi eru núna 74 sveitarfélög þrátt fyrir að þeim hafi fækkað talsvert með sameiningum á undanförunum árum og áratugum. Í nýrri greiningu efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins er lagt til að sveitarfélögum verði fækkað úr 74 í níu. Samtök atvinnulífsins færa fyrir því rök að í kjölfarið verði flókin samstarfsform sveitarfélaga óþörf og rekstur fari fram á hagkvæmari máta. Þá verði enginn grundvöllur fyrir þriðja stjórnáslustiginu, sérhvert sveitarfélag muni alfarið sjá um þjónustu við fatlaða. Forsendur muni skapast til að leggja niður Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samanburður milli sveitarfélaga verði jafnframt marktækari þar sem sveitarfélögin verði áþekkari að stærð og gerð. Þá muni skapast tækifæri til að einfalda regluverk og auðveldara verði að hafa eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Mannfjöldi er ekki það eina sem ber að horfa á þegar metið er hvort sveitarfélög skuli standa ein og sér eða sameinast öðrum. Í litlum bæjarfélögum úti á landi eru oft bestu upplýsingarnar um þarfir íbúanna á svæðinu sjálfu en ekki á skrifstofum mörgu hundruð kílómetrum í burtu. Nútímatækni og boðleiðir með nýjustu fjarskiptum breyta engu um þetta. Það er einnig hætt við því að ef sveitarfélögum fækki of mikið verði fámenn þorp útundan og ríkarí „hverfi“ fái sitt fram í krafti stærðar og fjölmennis. Að þessu sögdu er samt stórmerkilegt að í landi þar sem íbúafjöldinn er á við hverfi í Berlín séu 74 sjálfstæð sveitarfélög.

Það er ekki endilega víst að það sé skynsamlegt að fækka sveitarfélögum í níu á grundvelli tillagna Samtaka atvinnulífsins þótt þær séu allar athygli verðar. Það liggur hins vegar beinast við að skoða af alvöru fækkun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þótt sveitarfélögin hafi átt með sér gott samstarf, ekki síst á vettvangi Strætó, stendur það samræmdri ákvarðanatöku um framtíðarskipulag höfuðborgarsvæðisins fyrir þrífum að á því sé nokkur mismunandi sjálfstæð sveitarfélög sem ganga ekki í takt.



Það liggur hins vegar beinast við skoða af alvöru fækkun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Halldór



Frá degi til dags

Hlutlausir dómarrar

Eins og greint er frá í Fréttablaðinu í dag áttu fjórir hæstaréttardómarrar samanlagt 487 þúsund hluti í Glitni á árunum 2007 til 2008. Þar að auki dæmdu allir þeir dómarrar í málum sem vörðuðu hagsmunum Glitnis.

Þessar fréttir hljóta að endurvekja ákall um að upplýsingar um hagsmunatengsl dómara verði gerðar opinberar. Innanríkisráðuneytið hafnaði tillögu um opinbera skrá um eignarhluti dómara í félögum og atvinnutækifærum fyrir á árinu.

Þá kemur einnig fram í skoðanakönnun Gallup frá því í nóvember að traust almennings á dómstólum hefur minnkað frá því á síðasta ári. Ljóst er að umbóta er þörf ef snúa á þeirri þróun við.

Óformleg taka tvö

Leiðtogar Pírata, VG, Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Samfylkingar funduðu í gær um möguleika á stjórnarmyndunarviðræðum. Aftur. Þó hefur ekki verið ákveðið hvort hefja skuli formlegar viðræður á ný. Ekki var farið djúpt í málefnið á fundinum.

Fróðlegt verður að sjá hvort fækkun annarra möguleika geri flokkunum auðveldara að mynda saman ríkisstjórn. Annars þarf einhver flokkur að gefa eftir og vinna með flokki sem viðkomandi hafði útilokað fyrir kosningar og verða þar með bæði hetja og skúrkur.

thorgnyr@frettabladid.is

Bjartari horfur í skólamálu



Skúli Helgason
formaður skóla- og fristundaráðs Reykjavíkur

Mikil umræða hefur verið um skólamálið í tengslum við kjaramál kennara. Kennarar hafa um áratugaskeið barist fyrir leiðréttingu launa sinna og þó ákveðinn árangur hafi náðst þarf að gera enn betur til að kennarar njóti að fullu verðleika sinna eins og kollegar þeirra í nágrannalöndum. Í vikunni greiða kennarar atkvæði um nýjan kjarasamning sem er áfangi í rétta átt en samhliða honum ætlum við að gera úrbætur á vinnuumhverfi kennara sem gerir þeim kleift að nýta fagmennsku sína, þekkingu og reynslu í uppbyggilegum starfsaðstæðum þar sem kennsla, undirbúningur hennar og starfsþróun er í forgangi. Við munum hefja þessa vinnu hjá borginni strax í þessari viku og höfum kallað til samstarfsfélög kennara, stjórnendur, foreldra, fulltrúa háskólasamfélagsins og sveitarfélaga og einsetjum okkur að ná saman um aðgerðir á fyrstu mánuðum nýs árs. Þá er alveg skýrt að nýr kjarasamningur mun ekki leiða til aukinnar hagræðingar í skólamálu borgarinnar.

Umbætur á næsta ári

Í dag afgreiddum við í borgarstjórn fjárhagsáætlun næsta árs og þar eru skólamálið í forgangi. Fjárveitingar aukast til skólaþróunar sem samsvarar C-þætti í gildandi kjarasamningi grunnskólakennara, námsráðgjöf á unglingsstigi verður eflað, aukin áhersla verður lögð á launuð námsleyfi starfsfólks á leikskólum og fristundaheimilum, framlög til íslensku- og móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna aukast verulega sem og túlkþjónusta, vægi list-, verk- og tæknináms verður aukið, fjölgað verður nemendum í öllum skólahljómsveitum borgarinnar til að mæta vaxandi eftirspurn, nýtt fjármagn kemur til innleiðingar Barnasáttmáls og lýðræðisverkefna á borð við ungmennabing og umbodsmann ungmenna. Við eflum sérhæft klúbbastarf félagsmiðstöðva með áherslu á forvarnir og félagslegan stuðning. Þá er aukinn til muna stuðningur við leikskóla, grunnskóla og fristundaheimili varðandi málörvun og læsi en Miðja máls og læsis mun stýra aukinni ráðgjöf, fræðslu og handleiðslu við allar starfsstöðvar. Þá verður aukið fjármagn í endurbætur og viðhald skólahúsnæðis og skólalóða. Ýmis jákvæð teikn eru því á lofti í skóla- og fristundamálu Reykjavíkurborgar sem koma til framkvæmda á komandi ári.



Í dag leggjum við fram fjárhagsáætlun næsta árs og þar eru skólamálið í forgangi.

Það liður að jólu

COMO HÆGINDASTÓLL

Nettur og æðislega þægilegur hægindastóll

ADENS 3.407 kr. Á MÁNUDI*
FYRSTA GREIÐSLA Í MARS 2017

FULLT VERÐ 43.500 kr.

JólaTILBOÐ 34.800 kr.

rekkjan

HEILSURÚM

(*) Miðað við 12 mánaða vaxtalásum raðgreiðslusamning með 3,9% lántökgjalti og 405 kr. greiðslugjaldi)

FRGH-III-061216

Hvað býr að baki auglýsingu um að 65 dagar séu til jóla?



Baldur Björnsson
verslunarmaður

Finnst engum sérkennilegt að jólaskraut og jólaljós skuli seld með 25-40% afslætti þær sex vikur fyrir jól sem mest eftirspurn er eftir vörinni? Hvernig í ósköpunum getur verslunin hagnast ef öll salan á þessari árstíðabundnu vöru er með dúnrandi afslætti á aðal- og í raun eina sölutímanum?

Staðreyndin er sú að verslanirnar eru ekki að gefa raunverulegan afslátt. Það er full álagning á jólavörum. Verslanirnar eru einfaldlega að blekkja neytendur. Aðferðin er þessi: rúmun tveimur mánuðum fyrir jól taka þær fram jóladótið, verðmerkja það upp í topp og birta auglýsingu með „fyrri“ verði. Í auglýsingu einnar stórverslunarinnar stóð „65 dagar til jóla“ sem undirstrikar auðvitað fátíðleikann. 65 dögum fyrir jól er enginn

byrjaður að kaupa jólaskrautið. En nákvæmlega sex vikum fyrir jól byrja svo afsláttarauglýsingarnar að birtast. Tilgangurinn er auðvitað að fá viðskiptavinum til að kaupa á þeim forsendum að verð hafi lækkað, að þeir séu að gera kjarakaup. Raunveruleikinn er allt annar.

Spilað á sex vikna tímarammann
Hvers vegna sex vikum fyrir jól? Jú, sex vikur er hámark þess tíma sem bjóða má afslátt áður en afsláttarverðið telst vera venjulegt verð vörunnar og má því ekki auglýsa lengur sem afsláttarverð.

Þessi löglegi blekkingarleikur er meðal annars stundaður með árstíðabundnar vörur. Viðarvörn og grillvörur eru á háu verði yfir veturinn þegar enginn er að kaupa. En um leið og pallaeigendur og grillarar landsins fara á stjá á vorin spretta upp afsláttarauglýsingar. Ein grillbúðin lét sex vikur reyndar ekki nægja, heldur auglýsti afsláttarverð á grillvörum nánast allt síðasta sumar, og bauð síðan sömu vörur á haustútsölu á sama verði og hafði verið allt afsláttartímabilið. Neytendastofa greip í taumana, en aðeins eftir ábendingu

og sektaði verslunina um 500 þúsund krónur fyrir blekkingarnar.

Lengst af hefur venjan verið sú að selja vöru með afslætti eða á tilbóði til að losna við birgðir, eða í lok sölutíma eða til að koma sölu af stað löngu áður en sölutímabilið hefst. Afsláttur hefur hefðbundið ekki verið í boði þegar eftirspurnin er sem mest. Núna er búið að snúa þessu á hvolf til að villa um fyrir neytendum. Sjálfsgat löglegt, en pottþétt síðlaust.

Fleiri blekkingaraðferðir

Enginn skortur er svo sem á ólöglegum aðferðum verslana við að blekkja neytendur. Algengast er að auglýsa nýja vöru með veglegum afslætti eða á tilbóði. Sama dag og varan fer í sölu er hún merkt með „fyrri“ verði og afsláttarverði. En auðvitað er ekkert til sem heitir fyrri verð á vöru sem hefur aldrei verið seld á því verði. Hver kannast ekki við auglýsingar eins og „nýjar vörur, 25% afsláttur“. Meint afsláttarverð er því í raun fullt verð dulbúið til að villa um fyrir fólki.

Lítið stóðar fyrir fólki að treysta á aðhald Neytendastofu. Hún lætur þessar blekkingar að mestu ótaldar.



Reyndar er Neytendastofa svo fjársvelt og vanmáttug að hún hefur sjaldnast frumkvæði að eftirliti með markaðsaðgerðum. Fyrir vikið ræður frumskógarlög-málið gagnvart neytendum og verslanir spila miskunnarlaust á trúgirni þeirra eða sofandahátt.

Heima er best



Sigrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

Drög að húsreglum barna sem vilja halda haus á ofbeldisheimilum byggðar á reynslusögum hundraða barna sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu.

Heima er best að vera sem minnst, því að alls staðar, líka í myrkrinu á skólalóðinni, í isköldu strætóskýli eða hlaupandi yfir Miklubrautina ertu öruggari en heima.

Samt; **heima er best** að vera sem mest, því allt það hræðilega sem gerist þegar þú ert heima getur orðið ennþá hræðilegra þegar þú ert þar ekki og stundum er skárri að vita hvað er að gerast heima en að vita það ekki.

Heima er best að muna, þegar hann öskrar „ég ætla að drepa þig, helvítis hóran þín“ að hann hefur oft öskrað það áður en hann hefur aldrei beinlínis drepið hana svo kannski sleppur það í þetta skipti líka. Ef þú gleymir þessu getur hent að þú farir að grenja eins og aumingi eða pissir í buxurnar og margir hafa lent í vandræðum fyrir minna.

Heima er best, eða öllu heldur

nauðsynlegt að hafa allar flóttaleiðir á hreinu í hverju einasta herbergi. Stundum liggur hún út, stundum inn á klósett og stundum inn í skáp eða undir rúm. Þú þarft líka að muna að þó það sé alltaf betra að fela sig með systkinum sínum þá er það ekki alltaf hægt og þó það sé hræðilegt að vera alein í öskrunum þá er það stundum lífsnauðsynlegt.

Heima er best að hafa alla hluti á hreinu og pirra aldrei neinn. Hella aldrei niður mjólk, stilla sjónvarpið aldrei of hátt, fá aldrei lélega einkunn og segja aldrei ljót orð (allavega ekki þegar einhver heyrir til) eða gera neitt annað hættulegt. Ekki svo mikið af því að það komi í veg fyrir að eitthvað hræðilegt gerist heldur meira vegna þess að það hræðilega sem gerist er örlítið minna þér að kenna ef þú passar upp á allt.

Heima er best að muna að orð eru í rauninni ekki neitt, þau eru bara hljóð en ekki hnifar eða grjóthnullungar eins og þér finnst þau samt vera þegar þau fljúga milli veggja í stofunni.

Heima er best að taka þátt í gleðistundum með heilum hug, og jafnvel þó þið séuð ennþá hrædd eftir síðustu orrustu, sár eftir orðin sem féllu og leið yfir dótinu sem skemmdist. Takið samt þátt í gleðinni eins og ekkert hafi í skorist því mamma og pabbi eiga nógu bág þó þau sitji ekki uppi með fúl og leiðinleg börn þegar allir eiga að vera gladdir.



Einmitt í dag eru þrjátíu og fjögur ár síðan Kvennaathvarfið var opnað og fyrsta konan flutti inn með syni sínum. Síðan þá hafa rúmlega þrjú þúsund og tvö hundruð börn dvalið í athvarfinu með mæðrum sínum þegar dvölin heima hefur verið þeim óbærileg vegna ofbeldis.

Heima er best að gera sér ekki of miklar vonir um að jólin verði gleðileg, að það verði haldið upp á afmælið þitt eða að þið komist heim úr útilegunni án þess að eitthvað komi upp á. Það er best að búast við sem minnstu þá verða vonbrigðin minni ef allt fer í klessu.

Einmitt í dag eru þrjátíu og fjögur ár síðan Kvennaathvarfið var opnað og fyrsta konan flutti inn með syni sínum. Síðan þá hafa rúmlega þrjú þúsund og tvö hundruð börn dvalið í athvarfinu með mæðrum sínum þegar dvölin heima hefur verið þeim óbærileg vegna ofbeldis.

Sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.

„Að skerpa á verkferlum“



Árni Hermannsson
verktakapungur og fv. kennari

Það mun hafa verið upp úr 1970 þegar lagmetisfyrirtækið K. Jónsson, sælla minninga, flutti út magnaða gaffalbita sem höfnuðu í verslunum í austurhluta Moskvuborgar. Nokkru síðar var Ivan nokkur Sergeiwitz fundinn sekur í héraðsdómi nr. 9 í austurbænum í Moskvu en karlinn hafði víst stútað spúsu sinni. Ivan hlaut dauðadóm fyrir réttinum en dómari bauð Ivan karlinum upp á refsingu til vara; að lifa á lagmeti frá K. Jónssyni næstu daga! Ef Mast hefði verið að störfum í Moskvu um þetta leyti og K. Jónsson aukid útflutninginn, hefði e.t.v.

mátt stytta kalda stríðið um einhver ár.

Það er gæfa þjóðarbúsins að uppákoma síðustu daga skuli ekki hafa verið í sjávarútveginum. Eggjasagan er harmleikur en skattborgarar hljóta öðru fremur að undrast framgöngu stofnana sem þeir standa peningalega straum af. Viðkvæðið hjá forstöðumanni Mast er „að skerpa á verkferlum“ og ráðuneytisstjórnin (nýhækkaður í launum hjá kjararáði í sumar vegna „sérstakrar ábyrgðar í starfi“) stefnir að því að „laga eða setja nýja reglugerð“ og gott ef ekki að kalla saman starfshóp (vonandi með tölvupósti sem týnist!) Aðal-einkenni vöndrar stjórnunar er nefnilega að setja fleiri reglur og lög þegar illa gengur. Öllum má ljóst vera, að það eina sem skortir er heilbrigð skynsemi og vottur af framtakssemi sem virðist reyndar vera fyrir hendi hjá almennum starfsmönnum Mast.

Til að bíta höfuðið af skömminni stigur fram fyrirverandi landbúnaðarráðherra og hefur ekki manndóm í sér að viðurkenna að ráðuneyti hans steingleymdi að banna mönnum að nota orðið vistvænt þegar ráðuneyti hans var búið að afnema lögin um vistvæna framleiðslu í nafni þjóðarinnar!

Til að kóróna vitleysuna kemur svo málglæði borgarstjórninn fram í sjónvarpinu og segir að ekkert pláss sé til fyrir afkastamesta mengunarsóða borgarinnar, Hringrás, eða með hans eigin orðum: „Hvar á setja fyrirtæki sem alltaf er kvikna í!“ Mikill húmoristi tyllidagaborgarstjórninn!

Hvers konar samfélag er það sem eyðir milljórdum í liðónýtt eftirlitskerfi en skammtar úr lófa grunn-skólakennurum, sem ætlað er að uppfæra börnin okkar, „fjöregg“ þjóðarinnar?

Fer aldrei í taugarnar á þér að vera Íslendingur, lesandi góður?

**Parftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann**



Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.



2FYRIR1

af Varilux margskiptum glerjum

Breiðari lespunktur
með nýrri tækni



KRINGLUNNI, 2 HÆÐ.
SÍMI 568 9111

Nýr áfangastaður 2017

BELFAST



Belfast, höfuðstaður Norður-Írlands, hefur blómstrað síðan friður komst á í borginni árið 1998. Menningarlífið er afar fjölskrúðugt, næturlífið fjörukt, hin áhugaverða saga borgarinnar er við hvert fótímal og ómur af lifandi írskri tónlist og ilmur af Guinness og beef stew berst alls staðar út af kránum. Vissir þú að árið 1912 var skipið fræga Titanic smíðað í Belfast?



Flugið er í samstarfi við Flugfélag Íslands á Q400 Bombardier og hefst 1. júní 2017. Flugið verður allt að þrisvar í viku á þriðjudögum, fimmtudögum og sunnudögum.



Nýjast**Maltbikar karla í körfubolta****KR - Fjölnir 115-65**

Stigahæstir: Þórir Þorbjarnarson 28/6 stoðs., Brynjar Þór Björnsson 21, Cedrick Taylor Bowen 18 - Collin Anthony Pryor 18, Egill Egilsson 11, Róbert Sigurðsson 10.

Valur - Skallagrímur 108-105

Stigahæstir: Urald King 28/14 frákr./5 stoðs. Benedikt Blöndal 19, Austin Magnus Bracey 16/9 stoðs. - Flenard Whitfield 36/8 frákr./5 stoðs., Magnús Þór Gunnarsson 23, Sigtryggur Arnar Björnsson 20/9 stoðs.

Grindavík - ÍR 93-86

Stigahæstir: Lewis Clinch Jr. 20, Ólafur Ólafsson 16, Dagur Kár Jónsson 14, Þorleifur Ólafsson 13/10 frákr. - Quincy Hankins-Cole 26, Kristinn Marinósson 22.

Coca Cola bikar karla í handb.**Akureyri - FH 26-27**

Markahæstir: Patrekur Stefánsson 7, Róbert Sigurðarson 5 - Óðinn Þór Rikharðsson 6, Ágúst Birgisson 5, Jóhann Karl Reynisson 5, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4.

Í dag

19.00 Meistaradeildarmessa Sport
19.40 Barcelona - Gladbach Sport 4
19.40 Benfica - Napoli Sport 3
19.40 Basel - Arsenal Sport 2
19.40 Man. City - Celtic Sport 5
21.15 Meistaradeildarmörkin Sport



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er fyrsti íslenski kylfingurinn sem tryggir sér þátttökurétt á bandarísku atvinnumannamótaröðinni í golfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Næsta markmið er að vinna mót á LPGA

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur ekki enn komist í gegnum helminginn af þeim heillaóskum og skilaboðum sem hún fékk eftir að hún tryggði sér þátttökurétt á LPGA-mótaröðinni í Bandaríkjunum, þeirri sterkustu í heimi.

GOLF Sunnudagskvöldið var sögulegt fyrir íslenskar íþróttir er Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð fyrst íslenskra kylfinga, karla og kvenna, til að tryggja sér þátttökurétt á bandarísku atvinnumannamótaröðinni í golfi.

Ólafía Þórunn er 24 ára Reykavíkingur, þrefaldur Íslandsmeistari í golfi og útskrifaðist frá Wake Forest-háskólanum í Norður-Karólínu árið 2014. Eftir útskrift hefur hún einbeitt sér að atvinnumannaférlinum í golfi.

Í lok árs 2014 freistaði hún þess að komast í gegnum úrtökumótaröðina fyrir Evrópumótaröðina í golfi en það gekk ekki í fyrstu tilraun. Ári síðar komst hún í gegn og keppti á Evrópumótaröðinni á árinu – alls níu mótum en hún komst í gegnum niðurskurðinn á fjórum þeirra.

En árangur helgarinnar er mesta afrek hennar á ferlinum og segir hún sjálf að það sé það stærsta sem hún hefði getað ímyndað sér, hingað til.

„Nú ætla ég að setja markið enn hærra,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. „Næsta mögulega skref er að vinna mót. Og það ætla ég mér að gera. Maður verður að vinna að því að ná einhverju markmiði,“ segir hún enn fremur.

Vakin af risastóri könguló

Viðbrögðin við árangri Ólafíu Þórunnar hafa ekki látið á sér standa hér á landi. Afrekið hefur vakið gríðarlega athygli og hefur hamingjuóskum og skilaboðum rignt yfir Ólafíu Þórunni.

„Vá. Ég er rétt svo hálfnuð að lesa

þetta allt saman. Það er mjög mikið af skilaboðum og alls konar efni, sem er mjög gaman að sjá,“ segir hún enn fremur.

Hún vaknaði þó ekki með bros á vör, morguninn eftir að hún vann afrekið. Þvert á móti.

„Klukkan hálf sex í morgun [gærmorgun] fann ég að eitthvað var að skriða á mér. Ég þreifaði fyrir mér og greip í risastóra könguló. Ég vaknaði því í sjokki. Þetta var afar óhugnanlegt,“ segir hún og getur leyft sér að hlæja að öllu saman nú.

Er í 120. sæti forgangslistans

Eitt fyrsta verkið hennar í gær var að fara á fund fyrir nýliða LPGA-mótaráðarinnar. „Þar var helst verið fara yfir mál sem snerta lyfjaeftirlit og sjúkratryggingar. Þá fengum við einnig lista yfir mót ársins og hversu mörg mót maður getur átt von á að komast inn í,“ segir hún.

Þrátt fyrir að hún hafi fengið keppnisrétt á mótinu er hún í um 120. sæti forgangslistans. Um 110-130 keppendur eru á flestum mótum og því ekki víst að hún komist ávallt að, sérstaklega ekki á stærstu mótunum.

Líklegt er að henni bjóðist að spila á um það bil átján mótum og segir hún að hún muni sækjast eftir því að spila á eins mörgum mótum og mögulegt er.

„Ég ætla að einbeita mér alfarið að þessari mótaröð. Það er þó margt sem á eftir að útkljá, eins og hvar ég muni búa og svo þarf ég sjálf að skipuleggja öll ferðalög og fleira í þeim dúr,“ segir hún en kylfingar í mótaröðinni standa sjálfir straum af öllum kostnaði sem hlýst af þátt-

Ég hef reynslu af því að spila við þær bestu á Evróputúrnum og ég óttast ekki að spila við stóru stjörnurnar í Bandaríkjunum.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

töku, svo sem ferðakostnaði og gistingu.

Ólafía Þórunn hefur hingað til verið styrkt af Forskoti, afrekssjóði kylfinga, en vonast til að fleiri fyrirtæki á Íslandi leggi henni lið. „Það er ljóst að ég þarf á stuðningnum að halda enda verður þetta afar kostnaðarsamt.“

Hugsar ekki um peningana

Mun meira verðlaunafé er í boði á LPGA-mótaröðinni en evrópsku mótaröðinni. En til að fá peningaverðlaun þarf ekki eingöngu að taka þátt í mótinu, heldur komast í gegnum niðurskurðinn. Og samkeppnin er afar hörð á bestu mótaröð heims.

Hún segist ekki ætla að spila til að afla sér tekna. „Það er ekki sniðugt að setja slíka pressu á sig. En auðvitað var markmiðið að komast á þessa mótaröð, enda sú besta sem völ er á auk þess sem fleiri mót eru í boði og meiri peningur.“

Og hún óttast ekki að etja kappi við þær bestu í heimi. „Alls ekki. Ég hef nú reynslu af því að spila við þær bestu á Evróputúrnum og ég óttast ekki að spila við stóru stjörnurnar í Bandaríkjunum.“

eirikur@frettabladid.is



Körfuknattleikssamband Íslands

FIBA
EUROBASKET
 FINLAND • ISRAEL • ROMANIA • TURKEY



2 MIÐAR Á EM 1 TREYJA 1 KEPPNISBOLTI

Allir sem kaupa miða eða hafa keypt miða á EM, EuroBasket 2017, sem fram fer í Finnlandi næsta haust, fyrir 16. desember fara í pott. Einn heppinn miðaeigandi fær 2 miða endurgreidda auk þess að fá nýjan landsliðsbúning Íslands og EM keppnisboltann að auki.

Miðasalan fer fram á www.tix.is

Sjá nánar á kki.is

D-VÍTAMÍN, SÓLIN Í SKAMMDEGINU

Artasan kynnr D-lúx 1000 og D-lúx 3000 er fyrsta D-vítamínið á markaðnum í munnúðaformi. Því er úðað undir tungu og þannig er hámarks upptaka tryggð en það seytlar gegnum þunna slímhúðina inn í blóðrás líkamans.

Í gegnum þróunarsöguna hefur sólin verið meginuppspretta D-vítamíns en nú til dags er skortur á þessu sólarvítamíni allt of algengur. „Þetta vítamín finnst í frekar litlum mæli í matvælum en er þó helst að finna í innmat úr dýrum og feitum fiski. Nú hefur skammdegið lagst yfir af fullum þunga og dagurinn með stysta móti. Þar fyrir utan fáum við ekkert D-vítamín frá sólinni nema rétt yfir hásumarið þegar hún er hæst á lofti. Við þurfum því nauðsynlega að passa inntöku á D-vítamíni alla daga,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

ALGENGUR OG ALVARLEGUR

D-vítamínskortur er að sögn Hrannar afar algengur í vestrænum löndum en hann getur haft mjög alvarlegar afleiðingar til lengri tíma. „Skiptir þetta vítamín t.a.m. sköpum fyrir heilbriggt ónæmiskerfi, starfsemi vöðva og fyrir sterkar tennur og bein. Rannsóknir gefa þó til kynna að það gegni mun víðtækara hlutverki en talið var og það sé í raun grundvallarefni til að viðhalda heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma. Vitað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdóms-einkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti.“

KVEF OG FLENSUR

Framleiðsla á D-vítamíni í húðinni eykst í auknu sólarljósi og hefur styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið. „Yfir vetrarmánuðina þegar kólnar úti og sólin nánast hverfur er ónæmiskerfið því mögulega veikara en ella og ættu því allir að taka inn aukaskammt af D-vítamíni, stunda hreyfingu og gæta að hollu og góðu mataræði. Munum samt að á Íslandi er sólin oft af skornum skammti, líka yfir sumarið og því nauðsynlegt að passa inntöku á þessu sólarvítamíni allan ársins hring.“

ÞUNGLYNDI OG BEINVERKIR

Rannsóknir Bandaríkjamannsins Dr. Michael Holick sýna að skortur á D-vítamíni er mun algengari en menn hafa áður haldið, bæði



Rannsóknir Bandaríkjamannsins Dr. Michael Holick sýna að skortur á D-vítamíni er mun algengari en menn hafa áður haldið, bæði meðal barna og fullorðinna.

D lúx spreying henta flestum. Þau eru til í tveimur styrkleikum. Glasið inniheldur þriggja mánaða skammt.

”Bragðgóðu spreyingin eru afar handhæg og bæði börn og fullorðnir elska að úða þeim upp í sig og fá gott piparmintubragð í munninn.

Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari



meðal barna og fullorðinna. Einkenni um D-vítamínskort tengjast m.a. þunglyndi, þar sem serótónín framleiðsla (gleðihormón) eykst í sólarljósi og birtu. Beinverkir geta líka verið merki um D-vítamínskort, svo og höfuðsviti, jafnvel hjá nýfæddum börnum. Þar sem D-vítamín er fituuppleysanlegt efni, getur líkamsfita safnað því saman og þess vegna þurfa þeir sem eru yfir kjörþyngd meira D-vítamín en þeir sem grennri eru, svo og þeir sem eru með mikinn vöðvamassa.

EINFALT Í NOTKUN

Bragðgóðu spreyingin eru afar handhæg. Hrönn segir að bæði börn og fullorðnir elska að úða þeim upp í sig og fá gott piparmintubragð í munninn. D lúx spreyingin henta flestum en þau fást í tveimur styrkleikum; 1000 eða 3000 alþjóðlegar einingar í hverjum úða. Glasið inniheldur þriggja mánaða skammt.

Söluastaðir: Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

NÝTT
LÍFRÆNT OFURFÆÐI

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum



„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum

og losað mig bæði við hand- og fótuldann.“

Kristbjörg Jónsdóttir, zumbakennari og hlaupari



„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná

því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum. Auk þess hef ég minnkað lyfin við sykursýki II um helming eftir að ég byrjaði að taka þau inn.“

Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri



Söluastaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLA GALLERÍ



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND
LAND ROVER DEFENDER 110 NEW
Dísel 7 manna Árgerð 2014, ekinn
62 Pkm, Snorkel, toppgrind ofl . Verð
7.800p. Rnr.111031.



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND
TILBOÐ ! KIA Carens 7 manna Dísel.
Árg 2015, ekinn 50 Pkm, Sjálfsk.
Tilboðsverð 3.490p. Rnr.100925.



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND
Tilboð ! HYUNDAI H-1 Starex 8
manna ! Dísel 170hó. Árg 2015, ekinn
38 Pkm, Sjálfsk. Tilboðsverð 5.250p.
Rnr.101144.



FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND
TILBOÐ ! DACIA Duster Dísel 4x4.
Árg 2015, ekinn 63 Pkm, Tilboðsverð
2.500p !. Rnr.101048. 6 aðrir til á
staðnum !

Bílagallerí bílasala
Hagasmára 2-4 v.Smáralind, 201
Kópavogur
Sími: 554 6700
www.bilagallerf.is

BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



PARFTU KUGA?!!
'11 FORD KUGA TREND. EK 110 Pkm,
DÍSEL, SJÁLFSK...PESSI HELST EKKI
INNI LENG!!! ÁSETT 2.480 PÚS!!!
#471106 S: 580 8900



FULLBÚIN DACIA!!!
'13 DACIA DUSTER 4X4. EK 128
Pkm, DÍSEL, BEINSK...FM ÚTVARP,
RAFDR. RÚÐUR & RÚÐUPURRKUR!!!
#480026. S: 580 8900



SPORTLEGASTI SNAGGARINN!!!
'14 VW GOLF 18" FELGUR. EK 41
Pkm, BENSÍN, SJÁLFSK 7 GÍRA...
GOLFINN SEM PÚ VILT!!! #480044. S:
580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar
sem þú getur keypt eða selt bíl á
einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu
þér málið. www.bilauppbod.is Sími
522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



ALGER SPRENGJA !
Síðustu 2016 Nýjir Renault Master
L2H2 millilangur háþekju DCI 125 á
aðeins 3.190.000 án vsk. Kostar um 4
milljónir með þessum búnaði hjá BL.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu
sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja
Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S:
567 6700.

visir þú að...
börn eiga rétt á læknisástoð
og heilbrigðisþjónustu.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

ÞJÓNUSTA

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is
www.golfist.is

Gólf list
parketlagnir og viðhald

99% RYKFRITT

Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

ÍSSKÁPA STRAÐ

Miðvikudaga KL. 19:50

FILIPPO BERIO
HAGKAUP

til sölu

Nýr DODGE GRAND CARAVAN

Árgerð 2016. 7 manna.
Verð kr. 5.390.000
Tilbúin til afhendingar - Möguleiki á 90% fjármögnun.

Aukahlutir / Annar búnaður
Aðgerðahnappar í stýri
Aksturstölv
AUX hljóðtengi
Fjarstýrðar samlæsingar
Geislaspilari
Hraðastillir
ISOFIX festingar
Litað gler
Líknarbelgir
Rafdrifnar rúður
Rafdrifnir speglar
Reyklaust ökutæki
Útvarp
Þjófavörn
Stow & Go
Vel útbúin bíll

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Núpalind 1 • 200 Kóp • S. 588 5300

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilvalið í jólapakkann!

Fót -og handsnyrti á aðeins 12.000.- og með lakk á 14.000.- Munið gjafabréfin okkar.

Verið hjartanlega velkomin.

Tímamantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

VISTVÆNIR BÍLAR GÆTU HÆKKAÐ UM 24%

Þau bílaumboð sem flytja inn vistvæna bíla sem undanþegnir hafa verið virðisaukaskatti vita ekki söluverð þeirra á nýju ári. Ákvörðun um framlengingu skattaafsláttarins ekki enn komin frá yfirvöldum.



Lengi hefur verið óskað eftir langtímastefnu yfirvalda hvað varðar hvata til kaupa á vistvænum bílum, en lög um skattaafslátt á virðisauka við kaup á vistvænum bílum hefur á undanförunum árum verið framlengd rétt fyrir hver áramót. Það hefur valdið söluumboðum landsins óvissu um verð á þeim bílum sem þessi skattaafsláttur á við og réttu verði þeirra eftir hver áramót. Aftur og enn einu sinni er þessi óvissa uppi. Slíka óvissu hafa yfirvöld í Noregi ekki viljað bjóða þegnum sínum

með því að gefa upp þann árafjölda sem lögin muni gilda fyrir. Hafa Norðmenn nýverið framlengt þessi skattaafsláttarlög til ársins 2020.

20,6% hækkun á Audi A3 e-tron

Sem dæmi um þessa óvissu hér á landi þá á Hekla í pöntun nokkra Audi Q7 e-tron tengiltvinnjeppa sem sumir hverjir koma til landsins rétt eftir áramót. Ef lögin um skattaafslátt verða framlengd mun verð þessara bíla verða það sama og í dag, eða 11.390.000 kr. En ef þau verða ekki framlengt mun verðið hækka um eina milljón króna, í

12.390.000 og því hætt við að þeir sem pantað hafa jeppana muni hætta við kaup á þeim. Það sama er uppi á teningnum hvað varðar nokkra Audi A3 e-tron tengitvinnbíla, sem eru mun ódýrari bílar. Nú kostar hann 4.860.000 kr. með skattaafslættinum, en ef lög um hann verða ekki framlengd á næsta ári mun bíllinn kosta 5.860.000 kr. Með því hækkar sá bíll um hvorki meira né minna en 20,6%, en jeppinn hækkar um 8,8%. Þá má telja víst að tilvonandi kaupendur á þessum vistvæna bíl snúi sér að öðrum og ódýrari hefðbundnum bílum, sem menga mun meira.

Nissan Leaf gæti hækkað um 24%

Hekla er ekki eina umboðið sem glímur við þessa óvissu, en hjá BL má fá einn vinsælasta rafmagnsbíl landsins á síðustu árum, þ.e. Nissan Leaf. Hann kostar nú frá 3.390.000 kr. en mun hækka í 4.200.000 kr. ef lögin verða ekki framlengd. Þar gildir það sama að viðskiptavinir hafa pantað slíkan bíl en þeir koma ekki til landsins fyrr en eftir áramót. Því eru þeir í óvissu um endanlegt verð bílsins og munar þar hvorki meira né minna en 24,0% á verðinu. Hjá BL má einnig fá BMW i3 rafmagnsbílinn sem kostar

nú 4.860.000 kr. en hækkar í 5.860.000 kr. ef af framlengingu laganna verður ekki. Sú hækkun nemur 20,6%.

Endanlegt svar með fjárlögum

Þær upplýsingar fengust hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu að ekki væri að vænta svars um framlengingu skattaafsláttarins fyrr en með nýjum fjárlögum og engin dagsetning komin á birtingu þeirra.

Á meðan vita bílaumboðin hér á landi ekki á hvaða verði þau geta kynnt umhverfisvæna bíla sína.



ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



EXIDE
TECHNOLOGIES
TRANSPORTATION

Exide rafgeymarnir
fást hjá:

MAX1
BÍLAVAKTIN

olis

SNOPPUFRÍÐUR OG LIPUR TOYOTA C-HR REYNDUR ÍTARLEGA Í MADRID

Toyota C-HR bíllinn er óvenjulega frísklega teiknaður bíll sem fær augu nálægra til að elta sig. CH-R fer í sölu fljótlega á nýju ári. Kemur með tveimur vélargerðum, 1,8 lítra bensínvél með Hybrid kerfi til aðstoðar og frískri 1,2 lítra bensínvél með forþjöppu.

Einn mest spennandi bíll sem Toyota hefur smíðað, C-HR var kynntur blaðamönnum í Madrid fyrir skömmu. Þar fer einkar skemmtilega teiknaður bíll sem liggur á milli þess að vera fólkabíll og jepplingur, þó svo útlitð bendi til þess að þar fari fremur jepplingur. Bíllinn er fólkabíll að því leyti að hann er með aksturseginnleika fólkabíla þrátt fyrir að sætishæðin sé há og sannadist það vel í mjög svo löngum reynsluakstri í sveitunum kringum Madrid. Ekki verður annað sagt en bíllinn hafi verið reyndur til fulls, en ekin var samsvarandi vegalend og er milli Reykjavíkur og Akureyrar og það í svo íslensku veðri að leiðangursmenn fengu næstum heimþrá, það er að segja ef hún getur tengst hagléli og hita rétt yfir frostmarki. Til reynslu voru báðar vélargerðirnar sem bíllinn mun fást með héraendis, eða 1,8 lítra bensínvél með Hybrid-kerfi til aðstoðar og 1,2 lítra bensínvél með forþjöppu. Reyndust þær

báðar góðar og álíka aflmiklar þótt smærri vélin hafi þar örlítið snerpuvinninginn.

Augun elt'ann

Toyota C-HR bíllinn er óvenjulega frísklega teiknaður bíll sem fær augu nálægra til að elta sig og sást það vel er ekið var í höfuðborginni spænsku þar sem hann vakti alls staðar athygli.

Toyota hefur einnig lukkast frábærlega við innréttingu bílsins og minnst greinarhöfundur þess ekki að hafa séð betur útfærðari og fegurri innréttingu í Toyota-bíl, sem og skemmtilegra litaspil, hönnun, efnisval og frágang. C-HR fer í sölu fljótt á nýju ári og svo mikil spennan er fyrir bílnum laglega að pantanir hrannast upp. Með C-HR kemur einkar heppilegur bíll inn í góða bílafloðu Toyota og ekki er nokkur vafi á því að þessi bíll verður gríðarlega vinsæll héraendis og mun fást á höflegu verði, enda fer hér ekki stór bíll, en praktískur þó. Í næsta bílblaði verður nánar sagt frá þessum bíl og hann metinn í vegglegri reynsluakstursgrein.



Til reynslu voru báðar vélargerðirnar sem bíllinn mun fást með héraendis.

Verður þessi dýrasti bíll heims?

Sá bíll sem selst hefur á hæsta verði allra bíla er 1962 árgærdin af Ferrari 250 GTO sem seldist fyrir 4,25 milljarða króna árið 2014. Þessi bíll sem hér sést á mynd mun hins vegar taka



af honum þann titil ef hann selst á því verði sem sett er upp, eða 6,34 milljarðar (45 milljón pund). Bíllinn er nú til sölu í Bretlandi, en hann er einnig af gerðinni Ferrari 250 GTO og af sömu árgærd, eða 1962 og sá dýrasti hingað til. Þessi bíll var annar í röðinni sem smíðaður var af þessum goðsagnakennda bíl og var notaður við prófanir í verksmiðjum Ferrari við þróun GTO-bíla fyrir tækisins. Eftir það var hann seldur á almennum markaði í lok árs 1962. Það kemur brátt í ljós hvort einhver með fulla vasa af peningum stekkur á það háa verð sem sett er á þennan söfnunarbíl. Það gæti hugsanlega verið góð fjárfesting því verð á svona bílum hefur ekkert gert nema hækka á undanförunum árum.

Nýr björgunarbíll með utanálíggjandi veltigrind

Hjálparveit skáta í Kópavogi tók nýverið í notkun mikið breyttan bíl til notkunar við björgunartörf sín. Hann er af gerðinni Toyota Hilux Double Cab og breyttur fyrir 44 tommu dekk. Bíllinn er af árgærd 2015 og með 3,0 lítra dísilvél og sjálfskiptur. Miklar breytingar hafa verið gerðar á bílnum til að auka áreiðanleika hans í krefjandi aðstæðum. Þessi bíll mun leysa af Toyota Land Cruiser 150 bíl sem var seldur á síðasta ári. Í eigu sveitarinnar er annar Toyota Land Cruiser 80, breyttur fyrir 46 tommu dekk. Til gamans má geta að sveitin fékk þann bíl afhentan fyrir rúmum 20 árum og á hann enn tryggan sess í sveitinni og hefur reynst gríðarvel þrátt fyrir háan aldur. Miklar endurbætur hafa átt sér stað á þeim bíl síðastliðið ár.

Breytir sá um smíðina

Meðlimir bílaflokks sveitarinnar ákváðu hvernig bíl skyldi kaupa og hvaða aðila skyldi velja til breytinga á bílnum og varð jeppabjónustan Breytir valin til verksins. Bíllinn er búinn öllum þeim búnaði sem góður hjálparveitarbíll þarf að hafa, allan sjúkrabúnað svo sem sjúkratösku, börur og hryggbretti, en einnig er bíllinn útbúinn verkfærum og spilbúnaði. Á bílnum er gríðarlega öflugur ljósabúnaður, bæði vinnuljós allan hringinn og auka akstursljós. Öflugur fjarskiptabúnaður er í bílnum svo



Nýi hjálparveitarbíllinn hjá Hjálparveit Kópavogs sem breytt var af Breyti. Settar voru hásingar úr Nissan Patrol undir bílnum.

sem Tetra-talstöð, vhf-talstöð, sími og 4G netkerfi ásamt spjaldtölvu og GPS-tæki. Radióraf sá um allan rafmagnsbúnað í bílnum.

Hásingar úr Nissan Patrol

Meðal breytinga á bílnum er lenging pallsins um rúma 30 cm og er hann nú ríflega 180 cm á lengd. Hægt er að opna allar hliðar pallhússins til að auka og bæta aðgengi að þeim búnaði sem geymdur er í palli bílsins. Tekin var ákvörðun um að nota ekki upprunalegan hjólabúnað bílsins heldur nota hjólabúnað úr Nissan Patrol til að auka styrk bílsins. Bíllinn er því ekki lengur

með sjálfstæða fjöðrun að framan heldur á heilli hásingu bæði að framan og aftan. Bíllinn er með loftþúðafjöðrun að aftan en gormafjöðrun að framan. Hann er útbúinn skriðgír, Nissan Patrol-millikassa og loftstýrðum driflæsingum að framan og aftan. Þá er öflug reimdrifin loftdæla í bílnum og loftkerfi til að virkja driflæsingar og úrhleypibúnað fyrir dekk bílsins. Í honum eru þrjár stórir eldsneytistankar og getur hann því verið lengi á fjöllum. Utanálíggjandi veltibúur var sett á bílnum til að auka öryggi og framan á bílnum var settur sterkur stuðari úr áli.

JEPPEDEKK



DEEGAN

MTZ

BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON
jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Ice-track ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

BÍLAR

www.visir.is/bilar

Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is, Sími 512 5457

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is





VW Caddy Maxi 1.4 TGI / Metan Bensín / Beinskiptur*

KJARAKAUP 2.750.000 kr.

Fullt verð: 3.210.000 kr.

Afsláttur

460.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er **tækifærið** að fá sér **nýjan bíl!**

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð*. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin!

Skoda Rapid Spaceback Ambition 1.2 TSI / Bensín / Beinsk.

KJARAKAUP 2.450.000 kr.

Fullt verð: 2.890.000 kr.

Afsláttur

440.000 kr.

TAKMARKAÐ
MAGN



Audi A4 B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 8.595.000 kr.

Fullt verð: 9.550.000 kr.

Afsláttur

955.000 kr.



VW Passat Highline 1.4 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 4.430.000 kr.

Fullt verð: 5.330.000 kr.

Afsláttur

900.000 kr.

**NÝIR
BÍLAR**



VW Cross Polo 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 3.190.000 kr.

Fullt verð: 3.580.000 kr.

Afsláttur

390.000 kr.

KOMDU Í
REYNSLU
AKSTUR



MMC ASX Intense / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 4.490.000 kr.

Fullt verð: 4.990.000 kr.

Afsláttur

500.000 kr.

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR
FÁ!



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



LOTUS ELISE er einn fárra framleiðslubíla Lotus en er svo vinsæll í Bandaríkjunum nú að umsnúningur hefur orðið á rekstri.

Hagnaður hjá Lotus eftir 40 ára taphrinu

Þótt ótrúlegt megi virðast þá hefur sportbílaframleiðandinn Lotus í Bretlandi ekki skilað hagnaði af starfsemi sinni síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Það hefur breyst í ár og með uppgjöri þriðja ársfjórðungs er reksturinn í plús í ár. Það sem helst veldur þessu bætta gengi er góð sala Lotus Elise bílsins í Bandaríkjunum og aukin framleiðslugeta þrátt fyrir fækkun starfsfólks. Í maí árið 2014 unnu 1.200 manns hjá Lotus, en tekin var ákvörðun um að fækka starfsfólki í 800 manns og er það starfsmannafjöldinn í dag.

Úr 1.200 bílum í 2.000 þrátt fyrir fækkun starfsfólks

Þrátt fyrir fækkunina hefur framleiðslugetan fæst úr 1.200

bílum á ári í 2.000 bíla nú. Lotus gerir sér vonir um að geta framleitt 4.000 bíla í lok áratugarins og þá verða komnar nýjar gerðir bæði Elise og Exige og árið 2022 verður nýr Evora kynntur. Enn fremur er Lotus að íhuga smíði jeppa eða jepplings og verði af því býst Lotus við að framleiðslan verði miklu meiri en 4.000 bílar á ári. Lotus Elise selst eins og áður segir eins og heitar lummur vestanhafs og er kominn biðlisti þar eftir bílnum og þeir sem panta hann í dag eiga von á að fá hann afgreiddan í mars á næsta ári. Það sem einnig á hlut í betra gengi Lotus eru stóraukin gæði smíðinnar og hefur Lotus tekist að gera kraftaverk í þeim efnum á undanförunum tveimur árum.



VW e-Golf úr 133 í 200 km drægni

Volkswagen kynnti nýja útgáfu e-Golf á bílasýningunni LA Auto Show á dögunum og fer þar bæði langdrægari og aflmeiri bíll en forverinn. Drægnin fer úr 133 km í 200 og aflíð fer úr 115 hestöflum í 134. Það dugar e-Golf til að taka sprettinn í hundraðið á 9,6 sekúndum og batnar sá tími um eina sekúndu. Hámarkshraði bílsins nú er 150 km/klst. Lithium-ion rafhlöðurnar í bílnum eru nú 35,8 kWh en voru 24,2 kWh áður. Hægt er að fullhlaða nýja bílinn á sex klukkustundum. Volkswagen hefur litillega breytt 2017 árgerðinni af Golf-bílnum og nær sú breyting einnig til e-Golf. Bíllinn er kominn með LED-ljós að framan og aftan og ýmis tæknibúnaður í bílnum er nýr og innréttingin uppfærð og kominn nokkuð stærri aðgerðaskjár í bílinn. Fjöldaframleiðsla á nýjum e-Golf hefst í desember og fyrstu bílarnir ættu að vera komnir á markað í janúar á næsta ári.



Nýr og endurbættur sýningarsalur Ís-Band í Mosfellsbæ

Bílaumboðið Íslensk-Bandaríska ehf. hefur opnað sýningarsal nýrra bíla að Þverholti 6 í Mosfellsbæ. Salurinn hefur verið endurnýjaður og stækkaður, en fyrirtækið flutti tímabundið sölu nýrra bíla í sýningarsal 100 bíla í Stekkjarbakka í Mjódd, á meðan breytingar stóðu yfir. Í sal Ís-Band má nú finna og skoða nýjustu Fiat, Jeep og Dodge bílana. Mjög góðar og skemmtilegar reynsluakstursleiðir er að finna í Mosfellsbæ og nágrenni og hvetjum við fólk til að koma og reynsluaka bílnum. Opnunartími Ís-Band er alla virka daga á milli kl. 10-18 og laugardag frá kl. 11-15.

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði. Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdeðnum. *Fimm ára ábyrgð glíðir ekki með atvinnubíllum.



mazda

LANGUR VEGUR FRAMUNDAN. HÚRRA!



MAZDA CX-3

FJÓRHJÓLADRIFINN FRÁ 3.590.000 KR.
FRAMDRIFINN FRÁ 2.940.000 KR.

Fádæma veggrip, há sætisstaða ásamt glæsilegri innréttingu gera hverja ferð í Mazda CX-3 að upplifun fyrir skynfærin. i-ACTIV AWD fjórhjóladrifið límir bílinn við veginn og akstursgleðina er erfitt að útskýra en auðvelt að upplifa í reynsluakstri.

SkyActiv spartæknin og lág bilanatíðni Mazda tryggir sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Margvíslegur i-ACTIVSENSE öryggisbúnaðurinn tryggir öryggi allra farþega og hjálpar ökumanni að greina og forðast aðsteðjandi hættur.

KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA CX-3
mazda.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Búnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á



TOYOTA PROACE sendibíllinn hefur þjónað mörgum iðnaðarmanninum hérlendis vel til margra ára.

NÝR PROACE Í ÓTAL ÚTGÁFUM

REYNSLUAKSTUR Með nýrri kynslóð kemur Proace nú með 5 gerðum yfirbygginga, í þremur lengdum og með val á milli 4 og 5 hurða. Merkilega lipur og hljóðlátur. Lengri gerð fæst nú en áður með aukna flutnings- og burðargetu. Stórt stökk framvið frá forveranum.

VÖNDUÐ JEPPADEKK FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



VÖNDUÐ OG HLJÓÐLÁT DEKK UNDIR FLESTAR GERÐIR JEPPA OG JEPPLINGA. STÆRÐIR FRÁ 29-44 TOMMU.

TILBOÐ LOFTDÆLA



Viair 85p

fylgir seldum dekkjagöngum meðan birgðir endast.

ÖLL ALMENN DEKKJAFJÓNUSTA TÍMABÓKANIR Í SÍMA 540 4900

Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Toyota Proace sendibíllinn hefur þjónað mörgum iðnaðarmanninum hérlendis vel til margra ára.

Toyota Proace er nú sem áður hannaður og framleiddur í samstarfi við PSA Peugeot-Citroën og er það til þess gert að spara í kostnaði bæði við þróun og framleiðslu hans. Engu að síður eru bílarnir ekki eins, en þeir fá sinn eigin karakter hjá hverjum framleiðanda fyrir sig. Nú, með nýrri kynslóð hans kemur bíllinn út í mun fleiri útgáfum en áður og meðal annars 40 cm lengri en lengsta gerð hans áður. Í lengstu gerð bílsins má flytja allt að 3,7 metra langan farangur. Proace kemur nú með fimm gerðir yfirbygginga, þrjár lengdir, val á milli fjögurra og fimm dyra og þrenns konar afturhurða. Þannig ætti hver og einn að finna Proace við sitt hæfi. Proace má ekki bara fá sem sendibíl, heldur einnig sem fólksflutningabíl með 8 eða 9 sæti í lengri gerð eða 6 og 7 sæti í styttri gerð. Fá má þessa bíla í mjög vandaðri VIP-útfærslu.

Afar hljóðlátur og 5 akstursstillingar

Í Proace má fá bæði 1,6 lítra og 2,0 lítra dísilvélar frá 95 til 180

» Proace má ekki bara fá sem sendibíl, heldur einnig sem fólksflutningabíl með 8 eða 9 sæti í lengri gerð eða 6 eða 7 sæti í styttri gerð. Einnig má fá Proace í mjög vandaðri VIP-útfærslu. Er frábærlega hljóðeinangraður, lipur og skemmtilegur í akstri og með minnsta beygjuadíus bíla í sínum flokki.

hestafla og bæði beinskipta og sjálfskipta. Prufaðir voru bílar með öllum gerðum þessara véla og er sá öflugasti skemmtilega sprækur, en hinir vel dugandi til allra þeirra verka sem bíllinn er ætlaður. Athygli vakti strax hvað bíllinn er nú orðinn hljóðlátur og hefur Toyota lagt sig mjög fram við einangrun bílsins, svo eftir er tekið. Bíllinn hefur að auki fengið þykkari rúður og eykur það á góða hljóðvist í bílnum. Annað sem vakti strax mikla athygli er að í einum prufuakstursbílnum var svokallað „head-up-display“ þar sem helstu akstursupplýsingum

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

KOSTIR OG GALLAR

TOYOTA PROACE



- 1,6 EÐA 2,0 L DÍSLVÉL
- 95-180 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

Eyðsla 5,1l./100 km í bl. akstri
Mengun 133 g/km CO2
Hröðun 10,0 sek.

Hámarkshraði 170 km/klst.
Verð 3.990.000 kr.
Umboð Toyota á Íslandi



- Margar útgáfur
- Aksturseiginleikar
- Sveigjanleiki innanrymis



- Litlir hliðarspeglar

er varpað upp á framrúðuna og er það sérlega þægilegur búnaður í svona vinnubílum þar sem ökumenn eiga einmitt að vera með allan hugann við aksturinn. Það þriðja sem vakti auk þessa fljótt athygli ökumanns er að velja má milli fimm mismunandi akstursstillinga, meðal annars fyrir snjó, sem hentar vel hér á landi.

Meira pláss og burðargeta

Útlitslega hefur orðið skemmtileg framför og framendinn sérstaklega flottur og þínu kubbslegur en í leiðinni sportlegur. Bíllinn verður enn laglegri sem fólksflutningabíll með rúðum og samsvarar sér einhvern veginn betur, renna tvær afturrúðurnar saman þar sem enginn er listinn milli þeirra og færir það bílnum sportlegt yfirbragð. Þær eru auk þess stórar og mjög gott útsýni út úr bílnum og fá má bílinn með glerþaki sem gerir bílinn enn bjartari og eykur á rýmistilfinningu. Í fólksflutningabílum eru báðar aftari sætisradirnar á sledum og því hægt að breyta honum mikið eftir því hve mikil þörf er fyrir farangur. Einnig má taka þær báðar úr með lítilli fyrirhöfn ef nota á bílinn fyrir farangursflutning. Í sendibílaútfærslu bar Proace nú 200 kg meira en fyrri gerð bílsins og getur hann nú tekið eitt tonn eða 1,4 tonn og fer það eftir stærð bíls og vélar. Compact útfærsla Proace getur



LAGLEGUR ÚTLITS
 Proace hefur tekið risastökk framávið hvað ytra útlit varðar

MIKIÐ FLUTNINGSRÝMI
 Hægt er að koma fyrir allt að 3 Europallettum í lengstu gerðina

LÍKA 7 SÆTA LÚXUSBÍLL
 Sú gerð bílsins sem ætluð er til fólksflutninga er augnakonfekt

INNRETTING MEÐ STÍL
 Það væsir hvorki um ökumann né aðra farþega í lúxusútgáfunni



tekið 2 Euro-pallettur og Medium og Long útfærslurnar geta tekið 3 Euro-pallettur.

Minnsti snúningsradiusinn

Snúningsradius Proace er sá minnsti í þessum flokki bíla, eða 11,3 metrar og fannst vel fyrir því hve auðvelt var að snúa honum í reynsluakstrinum. Aksturseiginleikar nýs Proace koma skemmtilega á óvart og hann er miklu liprari en ökumaður átti von á og hann liggur ákaflega vel á lengri leiðum og ekkert mál er að aka honum í þéttri borgarumferð. Þetta er því bíll sem hver sem er getur ekið og þarf engan veginn reyndan sendibilstjóra til að aka honum og í raun lítið öðruvísi en að aka venjulegum fólksbíl. Innrétting bílsins er talsvert flottari en flestir hafa vanist í sendibílum og enginn eftirbátur fólksbilainnréttinga Toyota. Staðalbúnaður í bílnum er mikill og að sama skapi ekkert minni en í fólksbílum. Ný kynslóð Proace er með sparneytnum vélum sem eyða aðeins frá 5,1 lítrum af dísilolíu og menga aðeins frá 133 g/km. Fá má Proace frá 3.990.000 krónum, en um svo margar gerðir er að ræða að hér er ekki rými til að fara út í þá sálma. Gríðarlega jákvæð breyting hefur orðið á Proace milli kynslóða og hér er kominn bíll sem örugglega mun seljast vel hér á landi.



Citan.
 Sterkbyggður
 starfskraftur.

Citan farþega- og sendibílar eru fjölhæfir, sparneytnir og sterkbyggðir starfskraftar sem fást í ótal útfærslum. Vetrardekk fylgja öllum Citan til áramóta, ásamt rúðusköfu, húfu og trefli. Komdu í atvinnubíladeild Öskju og kynntu þér þennan vandaða dugnaðarfork.

Citan, millilangur sendibíll

Verð frá 2.500.000 kr. án vsk.



Mercedes-Benz
 Vans. Born to run.

SÆVAR ÞÓR ELSKAR BENZ

Ekur um á 34 ára gömlum Mercedes Benz gullmola og hefur átt margan gæðabílinn.

Sævar Þór Jónsson, lögmaður og einn af eigendum lögmennstofunnar Lögmenn Sundagörðum, ekur um á 34 ára gömlum Mercedes Benz af gerðinni 280E. Þessi týpa er svokallað W123 boddý frá Mercedes Benz. „Þetta var eitt vinsælasta og mest selda boddý sem Mercedes Benz hefur framleitt fyrr og síðar. Mótörinn í þessum bíl er sá sami og var hægt að fá í stærri Benzinum, svokölluðum S-Class en hann hentar sérstaklega vel í þetta boddý líka og gerir bílinn mun sprækari og skemmtilegri heldur en t.d. minni mótörinn eða 200 sem var mjög algengur í þessu boddý. Þessir bílar eru ótrúlega sterkir og algjörir vinnuhestar,“ segir Sævar.

Sölustjóri Benz í Kiel átti bílinn

Umræddur bíll var fyrst í eigu sölustjóra Mercedes Benz í Kiel í Þýskalandi og var svo keyptur af Íslendingi sem átti hann þangað til lögmennstofnan eignaðist hann. „Bíllinn hefur sem sagt verið hér á landi í um 30 ár. Bíllinn er lítið keyrður eða um 150 þús. km. Hann var aldrei keyrður á veturna hér á Íslandi, var frúarbill og því lítið ekinn þessi 30 ár hér á landi en var mest keyrður í Þýskalandi á sínum tíma. Það eru til öll skoðunargögn og þjónustubækur og yfirlit yfir öll olíuskipti frá upphafi. Bíllinn er allur upprunalegur og hafa aðeins verið gerðar ein til tvær athugasemdir við skoðun á bílnum frá því hann kom til landsins og það var vegna peru sem var biluð. Þá er upphaflega varadekkið enn í honum og sömu dempararnir. Þetta kalla ég endingu,“ segir Sævar og brosir. En er bíllinn praktískur sem vinnubíll? „Já, algjörlega og hann hefur líka mikið auglýsingagildi,“ svarar Sævar. „Bíllinn er eins og nýr og í toppstandi þannig að hann vekur athygli hvert sem komið er á

honum. Auðvitað er hann kominn til ára sinna og eflaust hentugra að notast við minni bíla og nýrri en hann er notaður af mér í vinnunni og af útvöldum starfsmönnum stofunnar,“ segir Sævar og hlær.

Sérstök tilfinning að snattast á honum

„Þó þetta sé dauður hlutur og kannski bara verkfæri í reynd þá er alltaf sérstök tilfinning að snattast á honum og þeir sem nota hann eru allir sammála því að þetta er sérstök tilfinning sem maður finnur ekki í nýrri bílum. Hann hentar mjög vel þegar við erum að snattast í ýmsum erindagjörðum fyrir stofuna. Hann er samt ekki mikið ekinn því þetta eru oftast stuttar ferðir og ekki margar þannig séð. Það er hugsað mjög vel um bílinn og hann er alltaf geymdur inni. Síðan er hann yfirfarinn vikulega þannig að það er nostrað við hann. Þessir gömlu Benzar eru ótrúlega sterkir og það er hægt að halda þessum bílum endalaust gangandi ef það er bara hugsað vel um þá og þeir yfirfarnir reglulega og það lagað sem þarf að laga. Svo er umboðið svo öflugt og gott. Þeir laga allt sem þarf að laga og framleiðandi er enn að framleiða og skaffa varahluti í þessa bíla.

Sterkur karakter

„Þessi bíll hefur sterkan karakter. Þó nútímaþægindi séu lítil þá er þetta ótrúlega skemmtilegt faratæki,“ segir lögmaðurinn ánægður með Benzann. En Sævar ert þú með bíladellu? „Jú, ætli það sé ekki bara rétt. Maður verður að hafa delli fyrir einhverju í lifinu. Ég hef gaman af bílum, þó sérstaklega eldri bílum. Ætli það sé ekki vegna þess að ég er svo gömul sál. Mér þykja þessir eldri bílar hafa svo mikinn karakter. Ef þeir eru í toppstandi þá er algjör unun að horfa á þá og keyra. Sumir þessara bíla eru algjör listaverk.“



BENZ 280E er stásbíll lögmennstofunnar Lögmenn Sundagörðum og er ekið af eiganda sínum og „útvöldum starfsmönnum“. Bíllinn hefur verið hér á landi í 30 ár og er lítið keyrður, eða um 150.000 km. Hann var aldrei keyrður á veturna, var sannkallaður frúarbill og frábærlega um hann hugsað alla tíð. Upphaflega varadekkið er enn í bílnum og einu athugasemdirnar sem hann hefur fengið við skoðun eru vegna peruskípta.

Ólst upp við Benz Geirs Hallgrímssonar

En átt þú bara gamla bíla vanalega? „Nei, alls ekki. Ég er mikill Benz maður og hef átt nokkra. Ég á nýlegan Benz núna og líkar þeir líka þó það séu í reynd öðruvísi bílar en þessir gömlu.“ En hvers vegna Benz? „Það er góð spurning. Þegar ég var lítill strákur þá ólst ég upp við 66 módelið af 250 S-Class Benz sem var í eigu Geirs Hallgrímssonar og síðar í eigu afa mágs míns Haraldar Hannessonar. Bíllinn var svartur og með rauð sæti. Þegar ég sá bílinn fyrst þá varð ég dolfallinn af honum og Benz. Svo átti Guðfinnur bílasali glæsilegan, bláan 500 SEL bíl en ég og sonur hans erum miklir

vinir. Okkur strákunum fannst þetta algjör dreki og mikil kerra. Þannig byrjaði þessi vírus sem ég hef ekki losnað við síðan. Ég hef reynt að gera nokkrar tilraunir til að byrja með önnur bílamerki en það hefur bara ekki virkað. Þetta er ólæknandi segir félagi minn sem er sálfræðingur,“ segir Sævar og hlær. Er það þá bara Benzar sem eru á heimilinu? „Nei alls ekki. Eiginmaður minn á BMW og honum líkar þeir betur, finnst þeir meira fyrir yngra fólk, þannig að umræðurnar á heimilinu verða skrautlegar þegar við tölum um bíla við aðra en þannig er það bara.“

Ryðguð og hættuleg Mazda

En hvað eru eftirminnilegustu bílarnir sem þú hefur átt? „Fyrsti bíllinn sem ég átti sem var Mazda 323 árgerð 1978, gullitaður og tveggja dyra. Móðir æskuvinar míns hafði átt hann og gaf mér hann. Bíllinn var svo ryðgaður að ég veit ekki hvað hélt honum saman. Þetta var sjálfskiptur bíll og mjög „seventies“. Við vinirnir fórum einu sinni á honum út á land eitt sumarið og vorum að flýta okkur mikið. Ég tók fram úr eitt skiptið og gaf bílnum vel inn en um leið og ég var að reyna koma honum upp þá giraði hann sig niður þannig hann missti afl en á sama tíma var mjólkurbíll að koma á móti okkar. Ég bölváði bílnum svo mikið að á réttu augnabliki tók hann við sér og byrjaði að gíra sig upp aftur og ég náði nægilegum hraða til að taka fram úr og um leið koma í veg fyrir að við lentum framan á mjólkurbílnum. Eftir þetta var ákveðið að sá gamli væri búinn að þjóna hlutverki sínu og ætti það eitt eftir að vera pressaður.

Bleik bjalla

Annar bíll sem er mér eftirminnilegur er Volkswagen Bjalla sem ég eignaðist, módel 1972. Ég var

mjög hvatvís við kaupin á honum og fór og skoðaði hann að kveldi til. Þá blasti við mér rauð Bjalla að mér fannst. Ég sló til og var ekkert að spá í að skoða hann betur, gekk frá kaupunum og keyrði honum gláður heim. Morguninn eftir, þegar ég fór út og skoðaði bílinn í dagsbirtunni, þá kom í ljós að hann var ekki rauður heldur bleikur. Þetta var mikið áfall því mér var alls ekki að skapi að keyra bleika bjöllu. Bíllinn var góður og gekk vel en ég gat með engu móti átt hann lengi því ég hafði það bara ekki í mér að keyra um á bleikri Bjöllu,“ segir Sævar og brosir.

Eignaðist Benz sem faðir Bjarna Ben átti

„Þriðji bíllinn sem stendur upp úr að hans mati er svo gamall Mercedes Benz tveggja dyra 250 af svo kölluðu W114 boddý. „Þessi bíll var módel 1971 og var hvítur með grænu leðri, gullfallegur bíll. Hann var rosalega vel útbúinn fyrir þann tíma sem hann var framleiddur, með rafmagni í öllu. Umræddan bíl hafði faðir Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra átt. Ég sá alltaf eftir þeim bíl því það hefði verið hægt að gera góðan bíl úr honum hins vegar hafði ég ekki getuna til að standa í því að gera þann bíl upp.“

Karakterlausir nýir bílar

„Mér finnst leiðinlegt hvað þessir nýju bílar hafa misst mikinn karakter miðað við þá eldri, eins er fólk svo mikið að endurnýja í stað þess að passa betur upp á bílana sína og fara vel með þannig að þeir endist lengur. Við erum svo nýjungagjörn í þessum bílamálum. Ég er sjálfur á nýjum bílum líka og hef t.d. verslað við besta bílaumboðið á landinu að mínu mati sem er Askja,“ segir Sævar og bætir við að þetta snúist líka um þjónustuna sem bilegendur fá.

Viltu selja bílinn þinn?

Vegna mikillar sölu vantar okkur bíla til að selja. Komdu og skráðu bílinn hjá 100bílum Stekkjarbakka 4 og þú færð að launum kippu af Egils Malt og Appelsín og pakka af Mackintosh Quality Street.*



*Meðan birgðir endast.

100 bílar ehf.
Stekkiarbakka 4
109 Reykjavík

517 9999
100bilar@100bilar.is
www.100bilar.is



NÚNA ER ALLT Á HTOΛH AVIS BÍLARNIR ERU KOMNIR Í SÖLU OG ERU Á FÁRANLEGA GÓÐU VERÐI

1 ÁRS
ÁBYRGÐ*

Dæmi um bílategundir í boði**



HYUNDAI i20 COMFORT

Árgerð 2015

Tilboðsverð: 1.604.000

Ásett verð: 1.990.000

Sjálfskiptur



HYUNDAI i20 CLASSIC

Árgerð 2014

Tilboðsverð: 1.121.000

Ásett verð: 1.320.000

Beinskiptur



SUZUKI SWIFT

Árgerð 2014

Tilboðsverð: 1.282.000

Ásett verð: 1.590.000

Sjálfskiptur



VW POLO TRENDLINE

Árgerð 2014

Tilboðsverð: 1.121.000

Ásett verð: 1.390.000

Beinskiptur



FORD FOCUS

Árgerð 2015

Tilboðsverð: 2.088.000

Ásett verð: 2.590.000

Sjálfskiptur



HYUNDAI i30

Árgerð 2014

Tilboðsverð: 1.362.000

Ásett verð: 1.690.000

Beinskiptur

Komdu við á
Bílasölu Reykjavíkur,
Bílasölu Íslands eða
Toyota Selfossi og

kannaðu fjölbreytt úrval **AVIS** bíla.
Þú getur gert ótrúlega góð kaup.

Allt að **100%**
fjármögnun

Allt að 1.500.000 kr.
greiðsluseðlalan og
dreifing til 36 mánaða.
Kynntu þér kostina
á [Pei.is!](http://Pei.is)

pei

*1 árs ábyrgð gildir eingöngu um Avis bíla.

**Bílaframboð er mismunandi eftir bílasölum.

AVIS[®]

Bíla-leiga

KOSTIR OG GALLAR

IVECO DAILY

IVECO

• 3,0 L DÍLSÍVÉL

• 170 HESTÖFL

• FJÓRHJÓLADRIF

Eyðsla 16,0 l/100 km í bl. akstri
Mengun NOX 216,2
Hröðun Ekki uppgefið

Hámarkshraði 135 km/klst.
Verð frá 12.883.000 kr. + vsk.
Umboð: Kraftvélar



- Torfærugeta,
- Vaðdýpt,
- Sterklega byggður



- Aksturseygileikar
- Hrár



Iveco Daily Arctic Trucks breyttur er afar vígalegur bill sem fátt getur stöðvað og er vafalaust heppilegur bill fyrir hjálparveitir og veitufyrirtæki og í ferðaþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STERKBYGGÐUR VINNUPJARKUR

REYNSLUAKSTUR Iveco Daily 4x4 er dugmikill bill fyrir sérhæfða starfsemi þar sem krafist er mikillar torfærugetu, burðargetu og styrks. Svona stór og þungur bill verður þó seint lipur í akstri. Í akstri um Hvalfjörðinn og Dragann kom í ljós að billinn er betri á mól en malbiki.

Það er langt frá því vaninn við reynsluakstur að sitja í hátt í tveggja metra hæð og hafa 3,2 tonn af stáli undir sér. Þannig var það þó þegar tekið var í Iveco Daily 4x4 sem breytt hefur verið af Arctic Trucks. Hér er ekki um neinn venjulegan bíl að ræða heldur sérhæfðan bíl sem gagnast best aðilum eins og hjálparveitum, veitufyrirtækjum, ferðaþjónustuaðilum, eða þeim sem þurfa vinnupjark sem á að vera fær um að glíma við erfiðustu aðstæður sem aka má í hérlendis. Iveco Daily 4x4 er í grunninn ansi duglegur bill, en bílnum sem reynsluakið var hefur verið breytt af Arctic Trucks og er því enn hærri og á stærri dekkjum. Burðargeta reynsluaksturbílsins er 2,6 tonn.

Þriggja eða sjö manna

Fá má Iveco Daily 4x4 með bæði einföldu og tvöföldu húsi og tekur hann þrjá með einföldu húsi en sjö manna með tvöföldu, en svo breiður er billinn að það komast 4 farþegar í aftari sætaröð bílsins og 3 frammi. Velja má þó um fleira þegar Iveco Daily 4x4 er keyptur, meðal annars um hvort billinn er 3,5 eða 5,5 tonn og t.d. hvort skúffan aftan á bílnum er fóst eða með sturtubúnaði. Ekki er þó hægt að velja um mismunandi vélar, en í

bílnum er þriggja lítra 170 hestafla dísilvél sem togar 420 Nm. Þessi vél er þekkt fyrir áreiðanleika og er dugleg, en svona þungur bill verður seint spyrnukerra með henni. Billinn hraðar sér þó alveg nægilega til að spjara sig í umferðinni, hvort sem um er að ræða innan- eða utanbæjar. Billinn var reyndur í langkeyrslu þar sem leiðin lá uppi Borgarfjörð. Fint var að keyra bílinn á malbikinu á löglegum 90 km hraða en hætt er við að hann erfiði of mikið ef hraðar er farið.

Betri á mólinni en malbikinu

Þar sem farinn var Dragháls tók malarvegur við af malbikinu og þar var billinn í essinu sínu og át allar holurnar, sumar af stærri gerðinni, af bestu lyst svo ástæðulaust var að vera í svigi til að forðast þær. Þegar ekið var á malbikinu á ósléttum veginum víða í Hvalfirdinum hagaði hann sér ekkert alltof vel og skoppaði óþægilega til líkt og afturendinn væri á stundum laus frá framendanum. Við það tapaðist töluverður stöðuleiki og vakti ótta hjá ökuþingi. Bill af þessari stærð getur náttúrulega seint orðið mjög lipur í akstri og var ekki við því búist, en þessi hegðun bílsins kom á óvart og það ekki á ánægjulegan hátt. Allt annað var að finna fyrir minni ójöfnu einum og holum og virkar fjöðrunarkerfi bílsins miklu

betur við að jafna út snögga ójöfnu en langa. Það verður þó seint sagt að Iveco Daily 4x4 sé skemmtilegur í akstri og þeir sem eru óvanir að aka svona bílum þurfa að venjast því og fara varlega.

Lágt drif og enn lægra drif

Að innan er Iveco Daily nokkuð snotur og innréttingin er ekki ólík hverjum öðrum fólksbílnum en þó er plastnotkun fremur áberandi og setur fyrir vikið engan lúxussvip á bílinn. Það er heldur ekki við því að búast með svona vinnupjark sem umfram allt á að þola mikinn umgang og jask. Ökumannssætið er ári gott og er á pumpum, eins og í vörubílum, sem stilla má eftir þyngd bílstjórans. Hin tvö framsætin og fjögur aftursætin eru fremur látlaus og teljast seint sérlega þægileg. Hægra megin ökumanns í gólfinu er svo að finna skiptistangirnar fyrir lágt drif og sérlega lágt drif, eða skriðgír. Samtals eru girarnir því 24 áfram og 4 afturábak. Með þessum búnaði er Iveco Daily 4x4 orðinn að heilmiklu torfæruskrimli sem fátt fær stöðvað og þar koma helstu kostir þessa bíls í ljós, ásamt því að hann er afar sterklega smíðaður og þolir margt og mun vafalaust endast vel. Billinn er að auki með 70 cm vaðdýpt, svo ekki munu margar árnar hérlendis stöðva Iveco Daily 4x4.



Iveco Daily er sjö manna bill þar sem þrjú geta setið frammi og fjórir afturi. Burðargeta bílsins er mikil eða 2,6 tonn og stór skúffan tekur lengi við. Ökumannssætið í bílnum er á pumpum og þar fer einkar vel um ökumann. Innréttingin í bílnum er ekki síðri en í hverjum öðrum fólksbíli. Á bílinn hefur verið bætt spili og öflugum ljósum sem gera störf þægilegri og birtumagn frábært fyrir ökumann. Billinn kostar sitt en mikið er í lagt.



RENAULT
Passion for life

NÝR RENAULT MEGANE SPORT TOURER

SPARNEYTINN FJÖLSKYLDUBÍLL



ENNEEM / SIA / NM78219

RENAULT MEGANE SPORT TOURER

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR/DUAL CLUTCH,
ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Allir nýir Megane Sport Tourer eru búnir 16" álfelgum, regnskynjara fyrir rúðuburrkur og akreina vara auk þess sem í öllum bílunum er R-Link búnaður með íslenskum leiðsögubúnaði, 7" snertiskjá og Bluetooth handfrjálsum símabúnaði.

VERÐ: 3.690.000 KR.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Mikill uppgangur í krakkakrossi

Sunnudaginn 4. desember var haldin krakkakeppni í mótorkrossi í Reiðhöllinni, en Vélhjólaíþróttafélagið VÍK stóð fyrir keppninni. Hátt í 30 krakkar mættu á öllum aldri, frá 4-12 ára og kepptu í nokkrum flokkum 50-85 rsm-hjóla. VÍK hefur staðið fyrir æfingum í vetur fyrir krakka sem áhuga hafa á sportinu og þar á bæ hafa menn einsett sér að styðja vel við barna- og unglingsstarfið. Til stendur að hafa opinn dag fyrir þá krakka sem vilja prófa í fyrsta skipti, annan sunnudag eftir áramót kl. 16.45 í Reiðhöllinni og er aðgangur ókeypis.



Jaguar I-Pace gegn Tesla Model X

Þeim fjölga stöðugt bílaframleiðendunum sem taka ætla þátt í rafbílavæðingu heimsins og einn sá ólíklegasti hefur nú bæst við, þ.e. Jaguar. Jaguar sýndi á dögnum nýjan I-Pace jeypling á LA Motor Show og hann gengur eingöngu fyrir rafmagn. Hann er um margt líkur Tesla Model X, með örlítið minna drægi, eða 220 mílur í stað 250 og með 400 hestöfl til taks í stað 463. Rafhlöðurnar í Jaguar I-Pace eru 90kWh, eins og í Tesla Model X P90D. I-Pace er sagður 4 sekúndur í hundruði en Tesla Model X er sneggri, 3,3 sekúndur. Að flestu leyti er I-Pace því eftirbátur Tesla Model X en það þarf ekki að efast um að Jaguar bíllinn slær við innréttingunni í Tesla bílnum, enda troðinn af leðri og fallegum viði. Þeir Jaguar-menn ætla því að treysta á að tilvonandi kaupendur kjósi lúxusinn umfram aflið og það að á húddinu er Jaguarmerkið. Skottpláss I-Pace er mjög rúmt og gólfíð flatt, en ekki er gert ráð fyrir þriðju sætaröðinni í I-Pace eins og í Tesla Model X og því meira farangursrými. Jaguar segir að von sé á þessum bíl á göturnar árið 2018, en eftir situr spurningin hvort kaupendur velja þennan bíl umfram Tesla Model X, því hætt er við því að hann verði ekki ódyrari.

Enn meiri seinkun á Tesla Model 3 líkleg

Tesla hefur yfirleitt ekki staðið við áður uppgefnar tímasetningar á útkomu nýrra bíla sinna og engin breyting virðist ætla að verða á í tilfalli hins komandi Tesla Model 3 bíls. Í núverandi áætlunum Tesla á framleiðslan að hefjast um mitt ár 2017 og að fullum afköstum við framleiðslu hans verði náð í lok þess árs. Nýjustu getgátur frá sérfræðingi hjá Morgan Stanley benda hins vegar til þess að Tesla muni fresta framleiðslunni til sumarsins 2018 og að fyrstu bílarnir verði afhentir seint á því ári. Yrði það heils árs seinkun á þessum bíl sem komnar eru 400.000 pantanir í. Það gæti reyndar orðið til þess að margir þeirra sem pantað hafa hætti við og nenni einfaldlega ekki að bíða svo lengi eftir bílnum.

Morgan Stanley gerir ráð fyrir að framleiðslugetan árið 2019 verði orðin 60.000 bílar og 130.000 bílar árið 2020. Það dugar skammt uppi 400.000 pantanir. Það myndi þýða að þeir sem ekki voru með fyrri skipunum að panta Model 3 fá ekki bíl sinn afhentan fyrr en árið 2021 eða 2022, eða eftir fimm til sex ár.



ÍSABAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Við höfum opnað í Þverholti 6 Mosfellsbæ

ÍS-BAND er orðið umboðsaðili á bílum frá Fiat Chrysler Automobiles í Evrópu og Bandaríkjunum. Við höfum opnað eftir breytingar á sýningarsal okkar í Mosfellsbæ. Við bjóðum ykkur velkomin að koma og reynsluaka og skoða glæsilegt úrval okkar af bílum.



Fiat Panda
Verð frá kr. 1.990.000



Fiat 500
Verð frá kr. 2.190.000



Fiat Tipo
Verð frá kr. 2.790.000



Fiat Panta 4x4
Verð frá kr. 2.890.000



Fiat 500X
Verð frá kr. 3.990.000



Jeep Renegade Dísel
Verð frá kr. 4.790.000



Jeep Cherokee Dísel
Verð frá kr. 6.990.000



Jeep Grand Cherokee Dísel
Verð frá kr. 8.990.000



Dodge Durango Limited
Verð frá kr. 9.990.000



Jeep Wrangler Sahara 5 dyra
Verð frá kr. 8.490.000



Dodge Ram 1500 Laramie Crew
Verð frá kr. 9.890.000



Dodge Ram 3500 Crew
Verð frá kr. 7.790.000



Fiat Dobló
Verð frá kr. 2.890.000



Fiat Talento
Væntanlegur 2017



Fiat Ducato
Verð frá kr. 4.890.000



Ísland-Bandaríska ehf. umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi
Þverholti 6 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - Ópið virkadaga 10-18
Laugardaga 11-15 - www.isband.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkála með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEILSA

Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Ópið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
31. apr. 2016

JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAKRISTEYRI
ÍSLÁTTAHLAÐJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-18

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu m/aðgangi að eldhúsi, baði, þvottavél og þurrkara á sv. 200. Uppl. í s. 893 3475

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði


LEBOWSKI BAR

óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir.


Aldurstakmark er 20 ára.

umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

Ertu að leita að talent?



lind@talent.is



bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

Er von á grýlu?

Eru rennurnar fullar af ís? Er hættu á að vatnið leki inn?

Tilboð
verð per meter
1.450

Hitavírar bræða ísinn í rennunni og halda vatnsrásinni opinni.

Loftviftur

Tilboð
frá kr
21.990



Vatnshitablásarar



Verð
frá kr
89.990

Þurrktæki

Komdu í veg fyrir of hátt rakastig.



fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Brekkustígur 14 - 4ra herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



Mjög góð 108,5 fm. íbúð á 2. hæð. Íbúðin er með vestursvölum í endurnýjuðu litlu fjölbýlishúsi. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð hið innra á sl. árum, m.a. er nýtt parket í allri íbúðinni, baðherbergi hefur verið endurnýjað, ný eldhúsinnrétting og tæki o.fl. Þrjú svefnherbergi. Lóðin sem er vestan við húsið er hellulögð, tyrfd og afgirt. Opið svæði / leiksvæði er á bakvið húsið. **Verð 52,5 millj.**



TRAUSTI fasteignasala



Kristján R. Blöndsson h. 641.
Lásgötur, Fasteignasala
Opið Hús
896 0240

Drekavellir 26



Opið Hús þriðjuleggin 6. desember kl. 17:30-18:00 hjá lóð 703
Vél skippulögð og rúm og góð gætt og gætt 7099 fm íbúð á 7. hæð.
Eignin er í góðu mektssvæði í bíla- og vélavagnssta. Sérstök gæmsla í sameign.
Sameignin hefur góða og vagnagæmsla. Stór og ríf lísa og góðar svæði til
stúdur með góðum útsýni. Félagsaðgætt í máta og vöðugum og
leiksvæði, þróttssvæði og þjónustukjarna. **Verð 329 milljónir**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

til sölu

Ísbúð / Ísgerð - Til sölu

Af sérstökum ástæðum er til sölu einkahlutafélag sem rekur ísbúð með eigin framleiðslu, miðsvæðis í Reykjavík.

Öll aðstaða er mjög góð og gert er ráð fyrir kaffisölu og tilheyrandi.

Miklir möguleikar fyrir duglega aðila.
Nánari upplýsingar í síma: 896 0240.

tilkynningar



Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- Malartaka í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafhljóts, Þingeyjarsveit.
- Strenglagning um Brekkugjá, milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar.

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 9. jan. 2017.

atvinna



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknaði, listnaði, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru:
agi, virðing, væntingar.

Laus störf við Borgarholtsskóla vorið 2017

Eftirtalin afleysingastörf á vorönn 2017 eru laus til umsóknar hjá Borgarholtsskóla:

- Kennarastaða í sögu, heil staða
- Kennarastaða í stærðfræði, heil staða

Ráðning og kjör: Umsækjendur hafi háskólapróf í viðkomandi greinum ásamt kennsluréttindum í framhaldsskóla. Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störfin. Sakavottorð fylgi umsókn.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um störfin veitir Anton Már Gylfason, kennslustjóri, s. 820 8892, anton@bhs.is.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is, fyrir 22. desember 2016.

Skólameistari

BÚSETI - ÍBÚÐIR í Reykjavík og Hafnarfirði 2ja og 4ra herbergja íbúðir



Garðhús 8 - íbúð 102

112 Reykjavík

2 herb. 62,8 fm²

Búseturéttur: 2.782.540,-

Búsetugjald: 96.027,-

Afhending: Byrjun janúar 2017

Mögulegt lán: 1.000.000,-

ATH. Íbúð með tekjumarki



Laugavegur 135 - íbúð 302

105 Reykjavík

2 herb. 51 fm²

Búseturéttur: 2.229.430,-

Búsetugjald: 112.718,-

Afhending: Byrjun janúar 2017

Mögulegt lán: 800.000,-

Nýlegt baðherbergi



Holtabyggð 6 - íbúð 202

220 Hafnarfjörður

4 herb. 97,6 fm²

Búseturéttur: 4.064.977,-

Búsetugjald: 143.084,-

Afhending: 20. janúar 2017

Mögulegt lán: 1.300.000,-

Íbúð endurgerð að hluta

ÁVINNINGUR MEÐ BÚSETAÍBÚÐ

- Örugg búseta meðan þér hentar
- Þú festir minni fjármuni í fasteign
- Þú færð vaxtabætur líkt og eigandi
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um allt ytra viðhald á húsnæði
- Hátt þjónustustig

INNIFALIÐ Í MÁNAÐARGREIÐSLU

Mánaðargreiðsla innifelur fjármagns-kostnað, skyldutryggingar, hita, fasteignagjöld, hússjóð, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

Umsóknarfrestur: 13. des. kl. 16:00.

Úthlutun: 14. des. kl. 12:00.

Allar nánari upplýsingar á
www.buseti.is og á skrifstofu
Búseta í síma 520 5788

B-02-1216

BÚSETI™

Síðumúli 10
108 Reykjavík
sími 520 5788
buseti@buseti.is
www.buseti.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

PHILIPS

Airfryer



Steiktur matur á hollari máta

Njóttu þess að borða bragðgóðan og stökkan mat án þess að bæta við olíu.

Tækninýjungin Philips Airfryer gerir þér kleift að steikja mat, sem venjulega þarfnast mikillar olíu, á heilbrigðari hátt. Steiktu kjötbollur, stökka kjúklíngaleggi og ljúffengar franskar með minni eða engri olíu. Heit og hröð lofthreyfingin gerir matinn stökkan að utan og ótrúlega safaríkann að innan. Sæktu appið „Philips Airfryer“ fyrir innblástur og meira en 200 uppskriftir með lágu fituinnihaldi.

innovation  you



Airfryer pottur

KAUPAUKI
Grillpanna
fylgir!



VERÐ
29.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

 **Jólareikningur**

EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR

0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT



Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð við andlát og útför móður okkar,

Sigríðar F. Helgadóttir

frá Ísafirði,

sem lést þann 8. nóvember síðastliðinn.

María B. Lúðvíksdóttir

Óli M. Lúðvíksson

Jóna Lúðvíksdóttir

Halldóra Lúðvíksdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, afa og langafa,

Guðmundar Ellerts Erlendssonar

Kristín G. Guðmundsdóttir,
Skarphéðinn Kristján Guðmundsson,
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur og mágkonu,

Hrefnu Guðbjargar

Oddgeirsdóttir

frá Vestmannaeyjum,
Mávahlíð 1, Reykjavík.

Sara Hafsteinsdóttir

Svava Hafsteinsdóttir

Oddgeir Eysteinnsson

Hildur K. Oddgeirsdóttir

og aðrir aðstandendur.

Þórólfur Guðnason

Ólafur H. Sigurjónsson

Aðalbjörg D. Guðjónsdóttir

Hafsteinn G. Guðfinnsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gréta Guðmundsdóttir

Akureyri,

lést að heimili sínu laugardaginn 3. desember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 12. desember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

Guðmundur Guðlaugsson

Nína Björg Koerner

Erla Runólfsdóttir

Hildur Runólfsdóttir

Rakel Hinriksdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Guðfinnsdóttir

Vincent Koerner

Stefán Ásmundsson

Brian Toft Hansen

Jón Þorsteinn Reynisson



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Yuzuru Ogino

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 2. desember.

Jarðsungið verður frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 9. desember, klukkan 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Emilía Ágústsdóttir

Guðbjörg Yuriko Ogino

Aron Jörgen Auðunsson

Emiko Erla Aronsdóttir og Erik Árni Ogino Aronsson



Kjartan er verkefnastjóri menningarmála í Ungmennahúsinu Rósenberg og á myndinni á veggnum er samstarfsmaður hans Jóhann Malmquist.

Hömlulausar listasmíðjur ungmenna á Akureyri

Fatahönnun, leiklist, myndlist og raftónlist eru liðir í hinni skapandi hátíð Hömlulaus 2016 sem ungmennum á Akureyri gefst kostur á að taka ókeypis þátt í næstu daga.

„Hömlulaus 2016 er yfirskrift fimm daga listasmíða undir handleiðslu starfandi akureyskra listamanna. Þær verða í Ungmennahúsinu Rósenberg við Skólástíg 2 og þar gefst fólki á aldrinum 15 til 25 ára kostur á að efla færni og hugmynda-sköpun,“ segir Kjartan Sigtryggsson, verkefnastjóri menningarmála í Rósenberg. Hann segir hátíðina hefjast klukkan 16 á morgun og lýsir dagskránni nánar.

„Fatahönnunarsmíða verður í höndum Anítu Hirlekar. Hún leiðir þáttakendur í gegnum ferlið frá skissuvinnu yfir í hönnun fatnaðar og gefur hugmyndir um endurnýtingu.

Leiklistarnámskeið verður í umsjón Birnu Pétursdóttur sem mun vinna með sögur úr lífi og reynsluheimi þeirra sem taka þátt og úr verður handrit og vídeó.

Myndlistarsmíða verður í umsjón Earls James Cistam. Hann mun taka fyrir samspil forms og lita og leggja áherslu á tjáningu og að virkja hugmyndaflug þáttakenda.

Raftónlistarsmíða verður í höndum Sígga Sigtryggssonar (Sadjei) sem kennir uppbyggingu trommutakta, almenna notkun hljóðgervla og hvernig nota má hljóðbúta úr ýmsum áttum á skapandi hátt.

Kjartan segir þetta í annað sinn sem svona listasmíður eru í boði í húsinu. Hið fyrra var 2014. „Ég vona að fólk sjái sér fært að taka þátt þó tímasetningin sé ekki sú besta því prófatíð stendur yfir,“ segir hann. „Þetta er þjónusta sem við erum að bjóða ungu fólki á svæðinu og það er frítt að taka þátt. Leiðbeinendurnir Aníta, Birna og Siggí lærðu öll í London og Earl James Cistam í Myndlistarskólanum á Akureyri. Þau eru öll flink, hvert á sínu sviði.“

Smíðurnar standa yfir í Rósenberg frá miðvikudegi til föstudags frá klukkan 16 til 20 og laugardag og sunnudag milli klukkan 10 og 17. gun@frettabladid.is



Ástkær sambýliskona mín, móðir mín og amma,
Svala Guðmundsdóttir

lést í Uppsölum í Svíþjóð 23. nóvember. Hún verður jarðsungen frá Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. desember klukkan 15.00.

Leifur Ragnarsson

Íris Lana Birgisdóttir

Birgir Leifur Irving



Ástkæri bróðir minn, mágur, frændi og vinur,
Þórir Kristinn Kárason

lést 30. nóvember. Jarðarförin fer fram mánudaginn 12. desember kl. 13.00 í Seltjarnarneskirkju.

Þórhallur Kárason

Oi Sirijantrakan

Alex Kári Þórhallsson

Sigrún Pétursdóttir

og frændsystkini.



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Sigríður Kristjánsdóttir

Háulind 9, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 25. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

Guðmundur Antonsson

Andrea Gunnarsdóttir

Brynja Gunnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sturla Örylgsson

Gunnar Örn Erlingsson

Mægðatni, hlýja og virðing *Víð andlát ástvarnar*



Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**

Útfarastjóri

Útfararþjónusta

Farsími 821 5353

Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn



Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Stóladagar 25% afsláttur af öllum stólum



25%
AFSLÁTTUR



TUCSON
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll.
Svart, brúnt og grátt leður
á slitflötum.
Stærð: 85x90 H: 104 cm.
Fullt verð: 99.900 kr.

25%
AFSLÁTTUR

KOLDING
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll
með skemli. Svart, grátt
og rautt leður.
Fullt verð: 139.900 kr.



Aðeins **74.925 kr.**

Aðeins **104.925 kr.**



Nature's Bedding

20%
AFSLÁTTUR

af 160x200 cm á
meðan bírgör
endast.

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

NATURE'S REST
heilsurúm með botni

Stærð cm Fullt verð
160x200 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**



Nature's Bedding

30%
AFSLÁTTUR

af 120,140,160 og 180x200 cm
á meðan bírgör
endast.

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Gaflseldur sér

NATURE'S DIAMOND
heilsurúm með botni

Stærð cm.	Fullt verð	Jólatilboð
120x200	139.900 kr.	97.930 kr.
140x200	169.900 kr.	118.930 kr.
160x200	192.900 kr.	135.030 kr.
180x200	204.900 kr.	143.430 kr.

JÓLATILBOÐ

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800


Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Þriðjudagur



Suðaustan strekkingur undir Eyjafjöllum og með suðvesturströndinni og fer að rigna síðdegis um landið sunnanvert, en mun hægari og bjartviðri norðan til. Hiti 0 til 8 stig, hlýjast suðvestanlands.

Miðvikudagur

Staður	Veður	Hitastigið	Bláa vindur
Reykjavík	Sól og ský	5°	↓ 2
Ísafjörður	Ský	3°	↙ 3
Akureyri	Ský og regn	2°	↙ 1
Egilsstaðir	Ský	4°	→ 2
Kirkjubæjarkl.	Ský	6°	↓ 2
Hveravellir	Ský	1°	↘ 2

Fimmtudagur

Staður	Veður	Hitastigið	Bláa vindur
Reykjavík	Ský	3°	↙ 7
Ísafjörður	Ský	-2°	↙ 15
Akureyri	Ský	-0°	↓ 6
Egilsstaðir	Ský	0°	↘ 6
Kirkjubæjarkl.	Ský	4°	↙ 4
Hveravellir	Ský	-2°	↙ 11

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. tilkka
 6. í röð
 8. meðal
 9. keyra
 11. tveir eins
 12. aðferð
 14. vörubýrgðir
 16. belti
 17. fugl
 18. niður
 20. klaki
 21. ögn

- LÓDRÉTT**
1. íþróttafélag
 3. þófi
 4. sumbl
 5. styrkur
 7. dynkur
 10. skel
 13. síða
 15. á fæti
 16. rjúka
 19. tveir eins

LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. tífa, 6. s, 8. ív, 9. aka, 11. íl, 12. meðal, 14. lagar, 16. ól, 17. arl, 18. suð, 20. ís, 21. arða. LÓDRÉTT: 1. fram, 3. íl, 4. fylleri, 5. arl, 7. skellur, 10. aða, 13. aga, 15. rist, 16. osa, 19. öð.

Skák

Gunnar Björnsson Ólafur Evert Úlfsson (1464) átti leik gegn Helga Pétri Gunnarssyni (1801) í sjöttu umferð U-2000 móti TR. Svartur á leik 18...Hxe3! 19. Rxf7 (19. Dxe3 Bf4) 19...Hxd3 Bf4+ 20. Kb1 Hxc3! 21. bxc3 Hxd8 og svartur vann nokkru síðar. Haraldur Baldursson, Dawid Kolka og Kjartan Ingvarsson eru efstir fyrir lokaumferðina sem fram fer á morgun. www.skak.is: Allt um mót í Vin og Garðabæ.



Sudoku

LÉTT

3	1		5					
	9			4	8	6		
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4				8	7	
				7	1		5	
1								

MIDLUNGS

	6			9	5			
7			4					3
	9			1	4		7	
		9			7			
3			7		5	2	1	
					2			
	1	4	8			5	9	
		5	2	4			6	
	8			6		3	4	

ÞUNG

	2		3					9
			6					7
			9	2	4			6
					5	3		
9			4	1	8			
7			9				8	2
		4					7	1
	7						8	
3	1							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



JÓLAPÚÐAR OG JÓLASVUNTUR

Skoðaðu úrvalið á Strigaprent.is
Prentum einnig þinn eigin texta á svuntur og púða



Púði 50x50 cm **4.790**

Svuntur 1 stærð **3.990**

STRIGA Prent
STRIGAPRENT.IS 869 5020

strigaprent@strigaprent.is
Verslunarmiðst. Firði Hafnarfirði

1011

DESEMBERTILBOÐ

AMERÍSK
SÚKKULADIBITA
KAKA
149
KR/STK



SMARTIES
38 GR
99
KR/STK
2605 KR/KG

RED BULL
& SUGAR FREE
250 ML
249
KR/STK
996 KR/L



**TAKTU
ÞÁTT
Í LEIK!**

LAY'S
FLÖGUR
175 GR
349
KR/STK
1994 KR/KG

SKYR.IS
170 GR
199
KR/STK
1171 KR/KG



SKITTLES
38 GR
99
KR/STK
2605 KR/KG



BURN
355 ML
299
KR/STK
842 KR/L



PEZ KARLAR
M/ 3 ÁFYLLINGUM
299
KR/STK

PEZ
8 ÁFYLLINGAR
85 GR
249
KR/STK
2929 KR/KG



STJÖRNU MIX
170 GR
399
KR/STK
2347 KR/KG



PAPRIKU- &
OSTASTJÖRNUR
90 GR
299
KR/STK
3322 KR/KG



Fljótlegt og þægilegt

TILBOÐID GILDIR ÚT DESEMBER

REYKJAVÍK

Laugalækur 9
Glæsibær
Austurstræti 17
Laugavegur 116
Lágmúli 7

Barónsstígur 4
Grímsbær
Héðinshús
Hjarðarhagi 47
Eggertsgata 24

Miklabraut 100
Kleppsvegur
Birkimelur 1
Bústaðavegur 20
Grjótháls 8

Suðurfell 4
Laugavegur 180
Við Vesturlandsveg
Borgartún 26
Bankastræti 11
Seljavegur 2

KÓPAVOGUR

Hjallabrekka 2
Dalvegur 20
Hagasmári 9

HAFNARFJÖRÐUR

Fjörður 13-15
Staðarberg 2-4
Melabraut 29
Reykjavíkurvegur 58

GARÐABÆR

Litlatún

REYKJANESBÆR

Hafnargata 55
Flugstöð Leifs Eiríks.
Fitjar

AKUREYRI

Kaupangur

AKRANES

Skagabraut 43

Hending eða hlutskipti?

BÆKUR

Skriftir- Örlagagletta

★★★★★

Pétur Gunnarsson

JPV

191 bls

Kápa: Alexandra Buhl

Prentuð í Odda

Það er eitthvað við það hvernig Pétur Gunnarsson skrifar. Eitthvað við hlýjuna og kímna í því hvernig hann sér heiminn og miðlar honum, stundum með því að skella einu myndskeldi inn í frásögn af atburðum sem skyndilega fá allt aðra vidd og lengd. Sumar setningarnar eru svo fagurmótaðar að þær ættu heima í sérprenti, svona „Gullkorn úr penna Péturs Gunnarssonar“, eða

á einhverjum stað í heilanum þar sem væri auðvelt að gripa til þeirra þegar þarf að lýsa einhverju eins og best verður á kosið.

Í nýjustu bókinni *Skriftir – Örlagagletta* er hann að velta fyrir sér hvað ræður því hvernig lífið verður, hvernig það orsakaðist að hann varð að sér, hvað skapar manninn. Sem er greinilega fleira en fötin, þó öðru sé haldið fram í laginu um Sirkus Geira Smart sem varð til þegar Spilverk þjóðanna var fengið til að semja tónlistina við leikritið *Grænjaxla* sem Pétur skrifaði 1976 og á sinn þátt í að frasinn *Fötin* skapa manninn varð svo sigildur sem raun ber vitni, þó að upphaflega sé þessi frasi úr auglýsingu frá Karnabæ og kó.

Skriftir er persónuleg bók sem segir sögu þess sem ætlaði, eða langaði eða langaði ekki alltaf að

verða rithöfundur. Pétur átta ára ætlaði til dæmis að verða lögfræðingur vegna þess að hann taldi að það hlyti að vera „ákaflega fróðlegt“. Bókin hefst á því þegar hann sér kona sína í fyrsta sinn og verður ástfanginn um leið en svo fáum við forsögu piltsins sem beið eftir lyftu í Útvarphúsinu með þessari stúlku. Lýsingin á ástinni blandast við frásagnir af árunum í MR og teygir sig svo aftur til bernskuáranna þar sem Pétur tileinkar kennaranum sínum, henni Dagnýju, heilan kafla því hún

var alltaf að láta nemendur skrifa ritgerðir. Hann skrifar um Reykjavík bernskunnar og æskunnar sem hafði allt sem til þurfti og lýsir ýmsum samferðamönnum sínum. Og atburðum, til dæmis því þegar gamall skólafélagi hans drukknaði í sundlaug, atvik sem þeir ættu að kannast við sem hafa lesið fyrstu bækur Péturs. Þannig verður hver atburður hluti af því hvernig rithöfundur Pétur Gunnarsson var og er, og einnig foreldrar hans, afar og ömmur, allt sem gerist á þannig stundu að það hefur áhrif á hann, festist í minninu og verður honum til sköpunar.

Í bókinni eru myndir, bréf og dagbókabrot úr lífi Péturs, ættingja og forfedra, sem gera tengingar lesandans við þetta fólk skyrari og

markvissari. Einkum er gaman að skoða bréf og dagbókarfærslur og spá í skriftina og skriftirnar saman.

Skriftir – örlagagletta er sagan af því hvernig fólk verður að því sem það er með öllum sínum rótum og greinum út í ýmsar áttir og vanga-veltan stingur alltaf öðru hverju upp kollinum, hvað er ákveðið, hvað er hending og hvað er hlutskipti, hvað gerðist óvart og hvað er rökrétt afleiðing alls þess sem á undan kom.

Falleg og látlaus bók sem er nota-legt að bláða í, staldra við og velta fyrir sér hvernig eigin saga myndi líta út og hversu mikið af eigin lífi er hending og hversu mikið hlutskipti. **Brynhildur Björnsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Falleg og skemmtileg bók um það hvernig fólk verður að sjálfu sér.



**ÚTSALAN
ER HAFIN**

BASLER BRAX

Parisartizkan
SKIPHOLTI 29B



Kvöldlokur á jólafestu er árviss viðburður og Einar Jóhannesson er meðal þeirra sem spilar á þeim tónleikum í kvöld í 36. sinn. FRÉTTABLAÐID/GVA

Uppboð í 20 ár

Jólauppboð í Gallerí Fold

Þriðjudaginn 6. desember kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Forsýning í Gallerí Fold þriðjudag kl. 10–17



Eggert Pétursson



Hægt er að skoða
uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Lokka fólk með ljúfum serenöðum


„Við spilum ljúfar blásaraserenöður eftir Mozart, Beethoven og Krommer sem hæfa vel á adventunni,“ segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari um efnisskrá tónleikanna Kvöldlokur á jólafestu sem verða í Frikirkjunni í kvöld. Það er í 36. sinn sem Blásarkvintett Reykjavíkur, ásamt félögum, efnir til slíkra tónleika. „Þetta er sem sé okkar adventuhefð og hluti af jóla-klassíkinni fyrir hátíðirnar,“ segir Einar og tekur fram að þótt alltaf sé bryddað upp á einhverjum nýjungum sé farið svolitíð í hringi, sérstaklega með bestu verkin sem eru eftir Mozart. „Þau eru svo mikil snilldarverk að okkur ber skylda til að flytja þau alltaf reglulega. Svo breytum við til. Núna spilum við serenöðu eftir Krommer sem telst meðal nýjunga í okkar prógrammi.“

Einar segir þrjá félaga af upphaflega kvintettinum spila núna, hann, Davíð Jónsson og Josef Ognibene. „Það er svolitíð breytilegt hverjir spila, þó er það mikið til sama fólkíð ár eftir ár. Það fer bara eftir verkum.“

Yfirleitt eru þau fyrir tvö óbó, tvö klarinett, tvö fagott og tvö horn.“

Titill tónleikanna vekur alltaf smá furðu. „Kvöldlokur þýðir í raun að tæla fólk. Upphaflega hét það serenade og var notað um nætur-söngva sem menn notuðu til að lokka konur til sín út með söng,“ útskýrir Einar. „En það var Guðmundur Finnbogason sem bjó til þetta nafn kvöldlokur.“


Einar er líka að gefa út nýjan geislalisk, EXULTAVIT. Þar leika þeir Douglas Brothie á klarinett og orgel. Verkin spanna allt frá eldgömlum barokkverkum eftir Tartini og Bach auk Mozarts, til okkar tíma. Þar eru til dæmis tvö frumsamin verk eftir þá John Speight og Jónas Tómasson og síðasta lagið er þakkargjörð í ljúfum dægurlagastil eftir Askel Mátsson. „Á diskunum er blanda af andlegum, trúarlegum og veraldlegum verkum,“ lýsir Einar. „En þráðurinn er fögnuður sem er videigandi á adventunni svo og íhugun, sem er líka nauðsynleg.“ **gun@frettabladid.is**



100

ára fæðingarafmæli
KRISTJÁNS
ELDJÁRNS

400
myndir



Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi er grundvallarrit um upphafssögu þjóðarinnar. Þetta mikla verk kom fyrst út 1956 og er í senn mikilvæg vísindaleg heimild um íslenskar víkingaldarminjar og áhugaverður fróðleikur fyrir almenning.

Niðurstöður Kristjáns Eldjárns frá því um miðja 20. öld standa enn óhaggaðar í meginatriðum en í eftirmála er gerð grein fyrir nýjustu vitneskju um íslensk kuml. Adolf Friðriksson fornleifafræðingur skrifar allar viðbætur og ritstýrir bókinni.



mid.is
Miðasala og nánni upplýsingarCoca-Cola

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 5.40

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 8, 10

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 6, 9

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 8, 10, 45

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 6

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND MED JÓL OG ENSKU TALI

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 8, 10, 45

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

SÝND KL. 6, 9

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	KEFLAVÍK
VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:30	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40
VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 5:40	VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 10:40	ALLIED KL. 5:20 - 8 - 10:40	VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 8
VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 5:40 - 8 - 10:20	ALLIED KL. 5:30 - 8 - 10:40	FANTASTIC BEASTS 3D KL. 5 - 8 - 10:45	VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 8
ALLIED KL. 5:20 - 8 - 10:40	FANTASTIC BEASTS 3D KL. 8	FANTASTIC BEASTS 2D KL. 6 - 10	ALLIED KL. 8 - 10:40
ALLIED VIP KL. 10:40	FANTASTIC BEASTS 2D KL. 8	THE ACCOUNTANT KL. 8	FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5 - 10:20
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5 - 8 - 10:45	DOCTOR STRANGE 2D KL. 5:30 - 10:40	VAIANA ENSKT TAL 2D KL. 8	
FANTASTIC BEASTS 2D VIP KL. 5 - 8	AKUREYRI	ALLIED KL. 8 - 10:40	
THE ACCOUNTANT KL. 8 - 10:45	VAIANA ÍSL TAL 2D KL. 5:40		
DOCTOR STRANGE 2D KL. 8 - 10:40	ALLIED KL. 8 - 10:45		
	FANTASTIC BEASTS 2D KL. 5:15 - 8 - 10:45		

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2016

Ó, SÓL MÍNS LÍFS

JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU
SUNNUDAGINN 4. DES. KL. 17 OG ÞRIÐJUDAGINN 6. DES. KL. 20

FLYTJENDUR:
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
MARIA KEOHANE **SÓPRAN**
MATTIAS WAGER **ORGEL**
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU HEFUR UM ÁRABIL GLATT ÍSLENDINGA Á JÓLUM OG SKIPA JÓLATÓNLEIKAR KÓRSINS VEGLEGAN SESS Í TÓNLEIKAHALDI REYKJAVÍKUR Á ADVENTUNNI.

Í ár verður norrænn blær á tónleikum kórsins og verða sérstakir heiðursgestir frá Svíþjóð en það eru Mattias Wager, höfuðorganisti við Stórkirkjuna í Stokkhólm og einn virtasti organisti Svíþjóðar og sópransöngkonan Maria Keohane, ein af stjórnun sænska söngheimsins en hún sérhæfir sig í barokk- og þjóðlagasöng.

Á efniskránni verður hátíðleg aðventu- og jólatónlist, einkum skandinavísk eða íslensk sönglög og kórverk en einnig verður sérstök áhersla lögð á orgelspuna í samspili við söng kórsins.

Mótettukór Hallgrímskirkju heldur jólatónleika í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvað? Hvenær? Hvar?

Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

Húrra í kvöld þegar heilar fimm nokkuð ólíkar sveitir koma fram. 1.000 krónur inn.

Hvað? Hádegistónleikar Hafnarborgar
Hvenær? 12.01
Hvar? Hafnarborg, Hafnafirði
Sópransöngkonan Alda Ingi-bergsdóttir kemur fram á síðustu hádegistónleikum Hafnarborgar á þessu ári. Með henni verður Antonía Hevesi píanóleikari. Enginn aðgangseyrir.

6. DESEMBER 2016

Tónlist

Hvað? Aðventuandagt
Hvenær? 20.00
Hvar? Norræna húsinu
Þær Hildigunnur Einarsdóttir mezzosópran, Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Catherine Maria Stankiewicz sellóleikari bjóða upp á jólatónleika. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Til trafala
Hvenær? 20.30
Hvar? Kex hostel, Skúlagötu
Hljómsveitin Til trafala spilar á Kexi hosteli í kvöld. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Jólatónleikar Borgardætra
Hvenær? 21.00
Hvar? Café Rosenberg, Klapparstíg
Borgardætur flytja jólalög á Rosenberg í kvöld. Miðaverð er 5.500 krónur.

Hvað? Aðventutónleikar Kvinnakórs Garðabæjar
Hvenær? 20.00
Hvar? Digraneskirkja, Kópavogi
Með kórnum spilar kontrabassaleikarinn Þorgrímur Jónsson. Stjórnandi tónleikanna er kórstjórinn og sópransöngkonan Ingibjörg Guðjónsdóttir og píanóleikarinn er Sólveig Anna Jónsdóttir.

Hvað? Jólatónleikar Léttisveitar Reykjavíkur
Hvenær? 20.00
Hvar? Guðriðarkirkja, Kirkjustétt

Hvað? Vofa, Slor, Naught, Churchhouse Creepers og Godchilla
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Það verður tiltölulega þungt yfir

Hvað? Ó, sól mins lífs – jólatónleikar mótettukórs Hallgrímskirkju
Hvenær? 20.00
Hvar? Hallgrímskirkju
Seinni tónleikar Mótettukórsins þar sem á efniskránni er hátíðleg aðventu- og jólatónlist, einkum skandinavísk og íslensk sönglög og kórverk. Miðaverð er 5.900 krónur.

Hvað? Eddie Izzard – Force Majeure Reloaded
Hvenær? 20.00
Hvar? Harpa
Uppistandarinn Eddie Izzard er einn sá myndnasti í heiminum í dag. Miðaverð er 6.990–11.990 krónur.

Hvað? Bókmenntakvöld
Hvenær? 19.30
Hvar? Bókasafn Seltjarnarness
Þórdís Gísladóttir les upp úr og ræðir ljóðabækurnar sínar. Allir eru velkomnir og veitingar eru í boði.

Hvað? 100 ára afmæli dr. Kristjáns Eldjárns
Hvenær? 15.00
Hvar? Þjóðminjasafn Íslands
Í tilefni 100 ára afmælis dr. Kristjáns Eldjárns verður mikil hátíðardagsskrá í boði á Þjóðminjasafninu í dag. Flutt verða stutt erindi, tónlist og lesin ljóð.

Hvað? Jólalabjórsmökkun
Hvenær? 20.00
Hvar? Loft, Bankastræti
Hjalti á Lofti er mikill sérfræðingur í jólalabjór og býður öllum að smakka.

Miðaverð: 5.900 kr
Miðasala á www.tix.is og í Hallgrímskirkju, sími: 510 1000.
LISTVINAFFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR listvinaffelag.is - motettukor.is

BIO ★ PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Nahid.....	18.00
Baskavigin.....	17.00
Innsæi.....	18.00
Absolutely Fabulous: the movie.....	20.00
Slack Bay.....	20.00
Captain Fantastic.....	22.00
Gimme Danger.....	22.00
Embrace of the Serpen.....	22.30

nettó

JÓLALEIKUR

NETTÓ OG PEPSI MAX

**KAUPTU KIPPU AF 4X2 L
PEPSI EÐA PEPSI MAX**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFABRÉF Í NETTÓ FYRIR
SÖMU UPPHÆÐ OG ÞÚ VERSLAÐIR Í ÞEIRRI FERÐ



**75 HEPPNIR
VIÐSKIPTAVINIR
FÁ VINNING**

DREGIÐ 23. DESEMBER

Þú kaupir kippu af 4x2 l Pepsi eða Pepsi Max, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Pepsikassann í Nettó.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir viðskiptavinir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittuninni þinni.

pepsi
MAX ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

07.00 Jóladaatal Afa
 07.05 Simpson-fjölskyldan
 07.30 Ærslagangur Kalla kaninu og félagar
 07.50 The Middle
 08.10 Mike & Molly
 08.30 Ellen
 09.15 Bold and the Beautiful
 09.35 The Doctors
 10.15 Junior Masterchef Australia
 11.50 Suits
 12.35 Nágrannar
 13.00 X-factor UK
 14.20 X-factor UK
 15.05 X-factor UK
 16.20 Planet's Got Talent
 16.45 Jóladaatal Afa
 16.55 Bold and the Beautiful
 17.20 Nágrannar
 17.45 Ellen
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.55 Íþróttir
 19.05 Fréttir Stöðvar 2
 19.20 2 Broke Girls
 19.45 Modern Family
 20.10 Timeless Spennandi þættir um ólíklegt þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar og þar með vernda fortíðina og breyta framtíðinni eða heimssögunni eins og við þekkjum hana.
 20.55 Notorious
 21.40 Blindspot
 22.25 Lucifer
 23.10 Black Widows Nýr skandinávskur spennuþáttur af bestu gerð sem fjallar um þrjár vinkonur sem allar eiga það eitt sameiginlegt að hafa fjarlægst eiginmenn sína og í raun fengið nóg af þeim. Þær grípa því til örþrífaraða og ákveða að koma þeim fyrir kattarnef og með því sjá fyrir sér áhyggjulaust ævikvöld. Sú verður ekki raunin því lygavefurinn sem þær hafa spunnið dregur þær inn í veröld svika og undirferlis.
 23.55 Divorce
 00.25 Pure Genius
 01.10 Nashville
 01.55 The Brink
 02.30 NCIS
 03.15 11/22/63
 04.05 Woman in Trouble

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Premier League
 08.40 Messan
 10.15 Dominos deild karla
 12.05 Dominos deild karla
 13.45 Körfuboltakvöld
 15.30 Premier League
 17.10 Messan
 18.45 Þýsku mörkin
 19.15 Meistaradeildarmessan
 21.45 Meistaradeildarmörkin
 22.15 Premier League Review
 23.10 UEFA Champions League
 01.00 UEFA Champions League
 02.50 Evrópudeildin

STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Premier League
 09.40 Premier League
 11.20 Messan
 12.50 Premier League
 14.30 Meistaradeild Evrópu
 14.55 Premier League
 16.35 Football League Show
 17.05 Spænsku mörkin
 17.35 Premier League
 19.15 Meistaradeildarmessan
 19.40 UEFA Champions League
 21.45 UEFA Champions League
 23.35 UEFA Champions League

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



TIMELESS

Stórskemmtilegir spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar og þar með gjörbreyta heimssögunni eins og við þekkjum hana.

ÞRÆLGÓÐUR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



NOTORIOUS

Hressilegir spennuþættir um hörkukvendið Julie sem framleiðir vinsæla fréttabætti og hinn úrræðagóða lögfræðing Jake sem svífst einskis til að fá sínu framgengt.



BLINDSPOT

Hörkuspennandi þættir um Jane Doe sem er aftur gengin til liðs við FBI eftir þriggja mánaða pyntingar sem hún slapp naumlega frá.



LUCIFER

Stórskemmtileg sería um hinn illa Lucifer sem snýr aftur en hann vill verða betri maður en áður. Hann kynnist Ellu Lopez og þá breytist allt.



ONLY GOD FORGIVES

Julian er eiturlyfjasmyglari sem lifir og hrærist í undirheimum Bangkok. Þegar bróðir hans er myrtur ákveður Julian að finna morðingjann og veita honum makleg málagjöld.




THE AMERICANS

Rússnesku nýsnararnir Phillip og Elizabeth Jennings starfa á laun í Bandaríkjunum og nýsna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.



LÍNA LANGSOKKUR

Hress og skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi, Línu Langsokk, og vini hennar Önnu og Tomma.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 3

17.05 Mike & Molly
 17.25 The Big Bang Theory
 17.45 New Girl
 18.10 Modern Family
 18.35 Fóstbræður
 19.05 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
 19.30 Office Xmas Party
 20.20 Last Man On Earth
 20.45 Schitt's Creek
 21.10 The Americans
 21.55 The Wire
 22.55 Klovn
 23.20 The Mentalist
 00.00 Josie. The Most Hated Woman In Britain?
 00.50 Legends of Tomorrow
 01.35 Flash
 02.15 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Dóra könnuður
 07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 07.47 Doddi litli og Eyrnastór
 08.00 Áfram Diego, áfram!
 08.24 Svampur Sveinsson
 08.49 Lalli
 08.55 Rasmus Klumpur og félagar
 09.00 Kalli á þakinu
 09.25 Hvellur keppnisbil
 09.37 Stóri og Litli
 09.49 Óskastund með Skoppu og Skritlu
 10.00 Víkingurinn Viggó
 10.13 Kormákur
 10.25 Brunabilarnir
 10.47 Mæja býfluga
 11.00 Dóra könnuður
 11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 11.47 Doddi litli og Eyrnastór
 12.00 Áfram Diego, áfram!
 12.24 Svampur Sveinsson
 12.49 Lalli
 12.55 Rasmus Klumpur og félagar
 13.00 Kalli á þakinu
 13.25 Hvellur keppnisbil
 13.37 Stóri og Litli
 13.49 Óskastund með Skoppu og Skritlu
 14.00 Víkingurinn Viggó
 14.13 Kormákur
 14.25 Brunabilarnir
 14.47 Mæja býfluga
 15.00 Dóra könnuður
 15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 15.47 Doddi litli og Eyrnastór
 16.00 Áfram Diego, áfram!
 16.24 Svampur Sveinsson
 16.49 Lalli
 16.55 Rasmus Klumpur og félagar
 17.00 Kalli á þakinu
 17.25 Hvellur keppnisbil
 17.37 Stóri og Litli
 17.49 Óskastund með Skoppu og Skritlu
 18.00 Víkingurinn Viggó
 18.13 Kormákur
 18.25 Brunabilarnir
 18.47 Mæja býfluga
 19.00 Lína Langsokkur

GOLFSTÖÐIN

08.00 Hero World Challenge
 11.30 PGA TOUR Year in Review
 12.20 Hero World Challenge
 15.50 Hero World Challenge
 20.50 Golfing World
 21.40 PGA TOUR Year in Review
 22.30 The Open Official Film
 23.25 Golfing World

BÍÓSTÖÐIN

11.25 Vaski grisinn Baddi
 13.00 Ocean's Eleven
 14.55 Mr. Holmes
 16.35 Vaski grisinn Baddi
 18.10 Ocean's Eleven Frábær spennumynd á léttum nótum. Danny Ocean er nýsloppinn úr fangelsi en er enn þá við sama heygardshornið. Hann hefur ákveðið að ræna þrjú spilaviti í Las Vegas sama kvöld og heimsmeistaravígidi í þungavigt fer fram í borginni. Danny þarf á hjálp góðra manna að halda og er fljótur að safna að sér kunnáttumönnum á þessu sviði. Með aðalhlutverk fara George Clooney, Matt Damon, Andy Garcia, Brad Pitt og Julia Roberts.
 20.10 Mr. Holmes
 22.00 Only God Forgives Spennu- mynd frá 2013 með Ryan Gosling og Kristin Scott Thomas í aðalhlutverkum. Julian er eiturlyfjasmyglari sem lifir og hrærist í undirheimum Bangkok. Þegar bróðir hans er myrtur heimtar mamma þeirra að Julian finni morðingjann og veiti honum maklega málagjöld.
 23.35 The Thin Red Line
 02.25 John Wick
 04.10 Only God Forgives

RÚV

14.00 Setning Alþingis
 15.20 Þegar hjórtun slá í takt
 16.05 Downton Abbey
 17.10 Hvergidrengir
 17.40 Táknálmáfréttir
 17.50 KrakkaRÚV
 17.51 Jóladaatalið - Sáttmálinn
 18.17 Jóladaatalið - Leyndarmál Absalons
 18.50 Krakkafréttir
 19.00 Fréttir
 19.25 Íþróttir
 19.30 Veður
 19.35 Kastljós
 20.00 Áttundi áratugurinn – Glæpir og sértrúarhópar
 20.45 Herra Sloane
 21.10 Castle
 22.00 Tíufréttir
 22.15 Veðufréttir
 22.25 Fallið
 23.30 Horfinn
 00.30 Kastljós
 00.55 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
 08.00 The McCarthys
 08.20 Dr. Phil
 09.00 The Biggest Loser
 09.45 The Biggest Loser
 10.30 Síminn + Spotify
 13.20 Dr. Phil
 14.00 The Good Place
 14.20 No Tomorrow
 15.05 Life In Pieces
 15.25 American Housewife
 15.50 Survivor
 16.35 The Tonight Show
 17.15 The Late Late Show
 17.55 Dr. Phil
 18.35 Everybody Loves Raymond
 19.00 King of Queens
 19.25 How I Met Your Mother
 19.50 Younger
 20.15 Jane the Virgin
 21.00 Code Black
 21.45 Scorpion
 22.30 The Tonight Show
 23.10 The Late Late Show
 23.50 CSI: Cyber
 00.35 Sex & the City
 01.00 Chicago Med
 01.45 Bull
 02.30 Code Black
 03.15 Scorpion
 04.00 The Tonight Show
 04.40 The Late Late Show
 05.40 Síminn + Spotify



Magic
Remote



LG UH668V

Smart IPS LED sjónvarp. UHD 4K 3840 x 2160 upplausn. UHD Mastering Engine – 4K uppskölun. HDR Pro. Real Cinema 24p. 20W ULTRA Surround harman/kardon hljóðkerfi. Stafrænn DVB-C/T2/S2 og Gervihnattamóttakari. 2x USB 2.0 og 3 HDMI tengi. USB upptökumöguleiki. App fyrir síma og spjaldtölvur. Magic Remote fylgir.

1700Hz PMI

55"

159.990

1700Hz PMI

65"

269.990



**HÁGÆÐA HDR PRO ULTRA HD SJÓNVÖRP MEÐ HARMAN/KARDON HLJÓÐKERFI
EKKI MISSA AF FRÁBÆRUM SJÓNVÖRPUM Á ÓTRÚLEGU VERÐI**



1200Hz PMI

43"

109.990

1200Hz PMI

49"

129.990

LED



4K
Upscaler



Magic
Remote

webOS_{3.0}

harman/kardon

NETFLIX 4K

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18, LAUGARDAGA 11-18 OG SUNNUDAGA 13-18 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



LG

Life's Good

Eggjalaus jólabakstur er leikur einn

Egg hafa verið mikið í umræðunni og margt fólk íhugar nú að hætta neyslu eggja eftir aukid tal um aðbúnað hænsna í eggja-búum landsins. En hvernig kemst maður í gegnum jólabaksturinn án eggja? Vala Árnadóttir segir það vera ekkert mál.

Vala Árnadóttir hefur verið vegan síðan 1. janúar og í ár heldur hún sín fyrstu vegan-jól. Þau byrja vel en um helgina henti hún í smá jólabakstur sem var að sjálfsögðu eggjalaus og baksturinn gekk eins og í sögu.

„Ég ákvað að taka þátt í „veganúar“ í janúar á þessu ári og þá varð ekki aftur snúið,“ segir Vala sem bakaði lakkristoppa á sunnudaginn. „Baksturinn gekk mjög vel, framur vonum. Ég á mjög erfitt með að fylgja uppskriftum og þarf alltaf eitthvað að vera breyta en í þetta sinn ákvað ég að halda mig 100% við uppskriftina sem ég fékk hjá veganistum. Mér tókst því að gera fullkominn marengs,“ segir Vala sem notaði „aquafaba“ eða kjúklingabaunasöð í stað eggja.

Vala hefur nú komist að því að egg eru algjörlega óþörf í bakstur. „Þar sem ég hef alltaf bakað töluvert mikið þá kom það mér á óvart að uppgötva, eftir að ég varð vegan, að egg eru í raun óþörf. Það er ekkert mál að baka án eggja, ég hef prófað mig áfram með alls konar hráefni í stað eggja, t.d. sóðavatn, eplaedik, bananamauk og eplamauk, allt eftir því hvað ég er að baka. Mesta snilld sem ég hef kynnst er Betty Crocker með einni dós af sóðavatni í stað eggja og oliu, einfaldari gæti baksturinn ekki verið. En ég kys að nota bananamauk í múffur og eplamauk í



Vala Árnadóttir bakaði gómsæta eggjalausa lakkristoppa um helgina.

ÞAÐ ER EKKERT MÁL AÐ BAKA ÁN EGGJA, ÉG HEF PRÓFAÐ MIG ÁFRAM MEÐ ALLS KONAR HRÁEFNI Í STAÐ EGGJA, T.D. SÓÐAVATN, EPLAEDIK, BANANAMAUK OG EPLAMAUK.

gulrótarköku, ég lét það ráðast af því hvaða bragð mér finnst passa í hvert sinn.“

Turkish pepper næst á dagskrá
Næst á dagskrá hjá Völu er svo að prófa sig áfram með lakkristoppa. „Marengsinn sjálfur heppnaðist mjög vel og ég mun halda mig við þessa uppskrift en ég prófa kannski aðra bragðtegund næst. Turkish pepper er t.d. spennandi og svo sá ég að einhverjir hafa sett hvítt súkkulaði og trönuber í toppana, það hljómar mjög jólalega.“ Að lokum vill Vala minna fólk á að veganúar hefst 1. janúar. Hún mælir með að fólk skoði vefinn www.veganuar.is. „Þar má finna mikinn fróðleik, matarplön og uppskriftir til að hjálpa manni af stað. Svo er frábær hópur á Facebook sem heitir Vegan Ísland og þar deilum við ráðum, uppskriftum og fróðleik. Allir, sem hafa áhuga á að kynna sér þennan lífsstíl, eru velkomnir í hópinn. Meðfylgjandi er lakkristoppa-uppskriftin af www.veganistur.is sem Vala fór eftir. gudnyhronn@365.is

VERTU FLJÓTUR AÐ SEGJA HVER ÞÚ ERT!

PARTYLEIKURINN

SEGÐU

NÝTT SPIL ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN LEIKUR SÉR SAMAN!

SEGÐU HELDUR SPILURUM GISKANDI ALLAN TÍMANN! RENNDU PERSÓNUSPJALDI Í ENNISBANDIÐ ÞITT OG ÚTSKYRANDINN REYNIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ SEGJA HVAÐA PERSÓNA ÞÚ ERT. VERIÐ FLJÓT AÐ GISKA FYRIR FLEIRI STIG!



Vala segir egg vera óþörf í bakstur.

VEGAN-LAKKRISTOPPAR

9 msk. aquafaba
300 g púðursykur
150 g lakkriskurl
150 g suðusúkkulaði

Aðferð:
Hitid ofninn í 150°C.

Þeytið aquafaba í hræivél þar til vökvinn verður alveg stífur, í um 15-20 mínútur.

Bætið púðursykrinum hægt út í, það

er fint að setja bara eina matskeið í einu og þeyta á meðan.

Hræið vel og lengi, alveg í aðrar 20 mínútur. Slökkvið á hræivélinni, blandið lakkrisnum og brytjuðu súkkulaðinu varlega út í með sleif.

Bakið lakkristoppa í 15-17 mínútur. Leyfið þeim svo að kólna í svolitinn tíma á plötunni eftir að þið takið þá út úr ofninum.

Um aquafaba...

Það var árið 2014 sem franskur kokkurinn Joël Roessel komst að því að próteinríki vökvinn sem fylgja baunum í dós hefur svipaða eiginleika og eggjahvita.

Það er gjarnan talað um að þrjár matskeiðar af aquafaba komi staðinn fyrir eitt egg.

Vökvinn geymist í kælikáp í u.þ.b. þrjá daga eftir að baunadósinn hefur verið opnuð.

PYLSUPARTÍ Á TILBOÐI

SS pylsur 10 stk
Myllu pylsubrauð 2x 5 stk
2 lítra Pepsi eða Pepsi Max

Verð
aðeins

1.399

Allur pakinn



OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017

 Netgíró

Komtu þér jólareikning
Netgíró á www.netgíró.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.



* Tilboð gildir á meðan birgðir endast

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG
FRYSTIKERFUM



Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is



nordanfiskur

Góður kostur
- á hvers manns disk!

Yfir 300 vörutegundir
fyrir veitingastaði,
mötuneyti og fyrir þig!

www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is

JAFNVÆGISHJÓL Á jólatilboði!

Tilvalin jólagjöf

Frábær hjól fyrir börn til þess að læra að halda jafnvægi og stíga sín fyrstu skref á hjóli. Einstaklega létt, 2,9 kg., engir pedalar, keðja eða oddhvassir hlutir sem geta meitt.

30% Afsláttur
Verð aðeins **12.590,- kr**
Áður 17.990,-

NITRO

Urðarharvari 4 / 203 Kópavogi / Sími 557 4848 / www.nitro.is

Ef dýrin mættu velja

gæludýr.is

Einfaldlega ódýrari



Hljómsveitin Hjalmar ætla að snúa aftur í lífrænan hljóm sinna fyrri verka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Svíkja synthana

Hjalmar senda í dag frá sér lagið *Allt er eitt þar sem þeir hafa snúið aftur í gamla hljóminn sinn*. Allt er eitt er forsmekkurinn að nýrri plötu frá þeim sem þeir eru í óðaönn við að semja þessa dagana.

Við erum að semja nýja plötu, þetta verður aðeins öðru vísi núna, verður meira inni í einum kassa og fókuseraðra í einum reggístíl. Vonandi, þó að maður teikni eitthvað upp í hausnum áður en maður fer inn og það breytist á leiðinni, þá stefnum við á að hafa þetta lífrænna en það hefur verið undanfarið. Þetta er búin að vera svolítið mikil elektróník svona í tiskunni upp á síðkastið og maður á auðvitað aldrei að vera í tiskunni," svarar Guðmundur Kristinn Jónsson, betur þekktur sem Kiddi í Hjalumum, þegar ég spyr hann út í nýja lagið sem Hjalmar gefa út í dag en það er greinilega forsmekkurinn að nýrri plötu frá þeim. Þetta nýja lag hefur verið titlað *Allt er eitt*.

„Þetta lag er í þessum stíl, það eru engir synthar í því til dæmis. Fyrir upptökumanninn er mjög gaman að hafa smá elektróník því að þá er hægt að hafa mjög „powerful“ sánd en það er líka að nota bara mikkrofónana því þá færðu loftið og organík filing. Það er mjög gaman að taka upp þannig, maður var næstum búinn að gleyma því hafandi verið svo lengi í hinu.

PLÖTUR HJÁLMA

Hljóðlega af stað (2004)
Hjalmar (2005)
Ferðasót (2007)
IV (2009)
Keflavík Kingston (2010)
Órar (2011)

Stælarnir koma manni bara ákveðið langt en gott lag kemur manni miklu lengra – það er svona hugsunin sem við erum með í kringum lagasmíðuferlið okkar," segir Kiddi, en hann er auðvitað mikill upptökunörd.

Ætlið þið að taka þetta upp hér á landinu eða munið þið leggjast í ferðalög eins og þið hafið oft í kringum ykkar upptökur?

„Það er reyndar ekki alveg komið á hreint enn. Við höfum aðallega verið að fara eitthvað til að fá fokus. Við erum allir komnir með nokkuð mörg börn og þegar maður þarf að ná í og skutla og svo er starfsdagur

í leikskólanum og allt þetta – þá gerist þetta stundum allt svo hægt og þá getur maður stundum svikið fjölskylduna og sagt, „jæja nú þurfa kallarnir að fara að vinna“ – og þá getur maður gert ansi margt á nokkrum dögum. Og síðan er oft líka gaman að heimsækja sögufræg stúdíó, það er rosa skemmtilegt og gefandi, sérstaklega fyrir mig verandi í upptökuheiminum.“

Það má alveg segja að þið hafið haft hægt um ykkur upp á síðkastið ekki satt?

„Siggi bjó náttúrulega í Noregi, en er fluttur heim og Steini og ég fórum um allan heim með Ásgeiri [Trausta] – á sama tíma var Siggi að ferðast með Erlendi Øye, en núna erum við allir heima og þá er bara að njóta þess að spila. Við höfum nú verið að spila annað slagið.

Ásgeir fer að detta í gang aftur bráðum og spurning hvað gerist þá, en það tekur enga stund að gera plötu svona þegar það er búin að semja öll lögin," segir Kiddi að lokum, en Hjalmar verða meðal annars að spila á nýársfögnuði Bryggjunnar Brugghúss þar sem vafalaust verður talið í nokkur ný lög. stefanthor@frettabladid.is



**MOUNT
HEKLA**



patagonia





Bakpankar

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Lífið er það sem gerist

Ég legg bil mínum skammt frá markaði einum í grámygluðu hádegi og geri mig kláran fyrir innkaupin. Þá sé ég hvar gömul kona er að burðast með grænmeti og þótti mér hún hafa færst helst til miðs í fang svo af bilddælskri herraemennsku býðst ég til að bera fyrir hana nokkra poka.

Á leiðinni heim til hennar kemur það upp úr dúrnum að hún er bandarískur rithöfundur. Langaði mig að heyra af ferli hennar og þar sem þungbúið var ákváðum við að fara inn á veitingastað einn gegnt heimili hennar. Þar fengum við okkur rétt sem hljómar heldur ólystlega í íslenskum eyrum en þetta var hinn svokallaði Mígas-réttur, sem er hreint ekkert hland heldur steiktir brauðafgangar með spæskum pylsum og paprikum.

Yfir þessu góðgæti sagði hún mér að hún hefði verið stjórnu-kokkur og meðal annars verið í þjónustuliði Ellu Fitzgerald. Ekki nóg með að hafa kokkað fyrir söngkonuna heldur sagði hún mér að Ella hefði dáið í fangi hennar. Sjálf hefur hún reynt af því að deyja en á óútskýranlegan hátt komst hún aftur til lífs.

Þessi merka kona skrifar bækur fyrir börn og bera þær með sér lærdóm um hvernig beri að nærja sig vel og jafnvel hvernig megi rækta grænmeti á þessum válegu tímum þar sem nær ómögulegt er að vita hvað maður setur ofan í sig.

Allt í einu mundi ég að ég átti eftir að kaupa inn svo ég kveð og hleyp eins og fætur toga á markaðstorgið. Þar höfðu sölumenn hins vegar hörfað undan mikilli rigningu. Ég stóð því í rigningunni og hugsaði sem svo að stundum leggur maður af stað með sínar ofur hversdagslegu áætlanir þegar orlagadisirnar segja: „nei, heyrðu, ég er með betri hugmynd.“

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

Hátíðarstund
í Fríkirkjunni í Reykjavík

Jólatónleikar til styrktar
Bráðamóttöku Landspítalans
fimmtudaginn 8. desember kl. 12



Hanna Dóra Sturludóttir,
mezzosópran
Einar Clausen,
tenór
Ágúst Ólafsson,
barítón

ásamt hljómsveit og
kvinnakórnum Hekklurnar.

Míðasala á tix.is og við innganginn

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Sofðu vel um jólin

Heilsurúm fyrir þá allra kröfuhörðustu



BODYPRINT
HEILSUKODDAR

20% afsláttur

Jólatilboð kr. 14.320.-
Verð áður kr. 17.900.-
Mikið úrval af heilsukoddum í mismunandi stærðum og stíffleikum

HEFEL
BED AND BLEEP

20% afsláttur

Besta sængurverasettið úr Micro Tencel.
Fyrir þá allra kröfuhörðustu.
100% náttúrulegt efni

Crabtree & Evelyn
LONDON

Jólavörur sem gera heimilið enn jónalegra

20-50% afsláttur

Úrval af náttslöppum fyrir dömur og herra
Úrval af gæða handklæðum

20% afsláttur

Sængur og koddar í úrvali

Reverie

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftiget 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.

20-30% afsláttur

Eitt mesta úrval landsins af sængurverasettum

Hægindastólar og sófar í úrvali

BODYPRINT® GLENÝ IQ-CARE

Bodyprint heilsudýna Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af nýjum heilsukoddum



Þú færð jólagjöfina hjá okkur....

Opið alla daga til jóla - Sjá svefn.is



Kíktu á www.reverie.com



Listhúsið - Reykjavík



Baldursnesi 6 - Akureyri

*3.5% lántökugjald

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is